



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST – FÉLAGSVÍSINDAEILD
HAUSTÖNN - 2013

Þróun og áhrif tónlistarmenntunar á tónlistarlíf á Norðfirði

LOKAVERKEFNI TIL MA PRÓFS Í MENNINGARSTJÓRNUN

HÖFUNDUR: GUÐJÓN STEINAR ÞORLÁKSSON
LEIÐBEINANDI: SIGRÚN LILJA EINARSDÓTTIR

Staðfesting lokaverkefnis til MA gráðu í Menningarstjórnun

Lokaverkefnið :

Þróun og áhrif tónlistarmenntunar
á tónlistarlíf á Norðfirði

eftir:

Guðjón Steinar Þorláksson kt. 171063-5909

hefur verið metið og varið á málsvörn frammi fyrir dómnefnd þriggja dómnefndarmanna
samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst

og hefur hlotið lokaeinkunnina : _____ .

Bifröst hinn _____ dag _____ mánaðar, á því herrans ári _____

Rektor

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar var að kanna þróun og áhrif tónlistarmenntunar á tónlistarlíf á Norðfirði og um leið meta mikilvægi þeirrar tónlistarstarfsemi sem þar hefur verið starfrækt fyrir samfélagið; einnig að skoða hvaða áhrif samfélagsgerðin þar hefur haft á tónlistarlífi staðarins allt frá byrjun 20. aldar en þá fór tónlistarlíf að glæðast töluvert á Norðfirði og óx eftir því sem á leið öldina. Fyrir rúmri hálfri öld síðan var þar svo stofnaður einn af fyrstu tónlistarskólum landsins sem hefur allar götur síðan séð Norðfirðingum fyrir tónlistarmenntun.

Rannsóknin er með eiginlegu rannsóknarsniði og byggir annars vegar á þeim rannsóknum/skrifum sem til eru um tónlistarstarfsemi á Norðfirði og hins vegar á tíu einstaklingsviðtölum sem meðal annars höfðu það markmið að draga fram upplifun og viðhorf viðmælenda á viðfangsefni rannsóknarinnar. Viðmælendur voru valdir af rannsakanda og því er hér um markmiðsúrtak að ræða þar sem rannsakandi velur úrtak sem hæfir hans rannsóknarmarkmiðum.

Það má segja að meginniðurstöður rannsóknarinnar séu að tónlistarmenntun hafi haft veruleg áhrif á uppbyggingu tónlistarlífs á Norðfirði en fyrstu alvöru skrefin í almennri tónlistarfræðslu voru stigin með stofnum Tónlistarskóla Neskaupstaðar árið 1956 og jafnframt hafi framlag Lúðrasveitar Neskaupstaðar til tónlistarmenntunar verið mikilvægt. Einnig virðist sem jákvætt viðhorf hafi ríkt í samfélaginu til þeirrar tónlistarmenntunar sem í boði hefur verið á Norðfirði. Þar hafi fjölbreytni verið ríkjandi í kennsluháttum og reyndar almennt í tónlistarlífi staðarins. Eins hafi þar starfað fjölbær og áhugasamir kennarar sem hafi smitað út frá sér og verið sterkar fyrirmyndir fyrir yngri tónlistariðkendum. Hefur það ekki síst átt við um rytmiska

tónlist en töluverð hefð hefur skapast fyrir þeirri tónlist á Norðfirði og hún verið rúmfrek í tónlistarlífinu á staðnum, jafnvel á kostnað klassískrar tónlistar að sumra mati.

Fram kemur að ekki sé sjálfgefið að öflugt tónlistarstarf þrífist og að Tónskóli Neskaupstaðar nái að sinna fjölbreyttu og skapandi starfi fyrir komandi tónlistariðkendur, hvort sem er í leik eða starfi. Mikilvægt sé því að hlúa að starfsemi hans svo hann megi rækja þetta hlutverk sitt en skólinn er að margra mati forsenda þess að kröftugt tónlistarlíf geti blómstrað á Norðfirði.

Lykilorð: Tónlist, tónlistarmenntun, tónlistarskóli, habitus, dreifbýli, auðmagn, ímynd/sjálfsmynd, menningarstefna

Abstract

The aim of the study was to examine developments in music education in Norðfjörður and the impact on musical life in the community, as well as assessing the importance of musical activities for the community at large. A further objective was to ascertain what impact the societal structure in Norðfjörður had on local musical life from the beginning of the 20th century, when musical activities began to blossom, through the ensuing hundred years or more, which saw increased growth in musical activity in the community. One of Iceland's first music schools was founded in Norðfjörður just over half a century ago. The school has provided music education for Norðfjörður residents ever since.

The thesis is based on a qualitative study in two parts: on the one hand, an examination of extant research and writings on musical activity in Norðfjörður, and on the other, ten interviews conducted with individuals in order to elicit the interviewees' experiences and attitudes towards the topic. The study is based on a judgment sample, where the researcher selects a sample suited to the research objectives.

To summarise, the study shows that music education has had a profound effect on the evolution of musical life in Norðfjörður ever since Neskaupstaður Music School was established in 1956. Both the school and the Neskaupstaður municipal band have made important contributions to music education in the community. It also appears that the general attitude towards the music education offered in Norðfjörður has been positive. Diversity has characterised both the teaching methods used and the overall musical life of the community. The teachers' versatility and enthusiasm have been infectious, and the teachers themselves have been excellent role models for their

protégés. This is particularly the case with popular music and jazz, which have blossomed in Norðfjörður and occupy significant space in the musical life of the community – somewhat at the expense of classical music, in the opinion of some commentators.

The study shows that a vibrant community musical life is not a given and that the Neskaupstaður Music School has been successful in offering diverse, creative activities for its clientele; therefore, it is important to stand guard of the school's operations so as to enable it to continue playing this role. Many commentators consider the music school of fundamental importance in underpinning a strong musical community in Norðfjörður.

Keywords: Music, music education, music school, habitus, rural community, capital, image/identity, cultural policy

Þakkir

Innilegar þakkir fá allir viðmælendur rannsóknarinnar og þeir sem voru rannsakanda innan handar við öflun heimilda. Leiðbeinandi verkefnisins, Sigrún Lilja Einarsdóttir, fær kærar þakkir fyrir gott, lærdómsríkt og uppbyggilegt samstarf.

Einnig vill rannsakandi þakka öllum þeim sem hafa aðstoðað hann og hvatt áfram við gerð þessa verkefnis. Sérstakar þakkir fær Sólveig María Þorláksdóttir fyrir að lesa verkefnið yfir á ýmsum stigum þess.

Eiginkonu minni, Dagbjörtu Elvu Sigurðardóttur og sonum, vil ég þakka fyrir ómældan stuðning og einstaka þolinmæði.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Abstract	5
Þakkir	7
Efnisyfirlit	8
1 Inngangur	10
1.1 Lýsing á verkefninu og val viðfangsefnis	10
1.2 Rannsóknarspurningar og rannsóknarmarkmið	11
1.3 Fræðilegur bakgrunnur og vísindalegt framlag	12
1.4 Kynning á aðferðarfræði rannsókna	14
1.5 Uppbygging ritgerðarinnar	15
2 Fræðilegur bakgrunnur	17
2.1 Skilgreining á hugtökum/fræðilegur bakgrunnur	17
2.1.1 Tónlist og tónlistarmenntun	17
2.1.2 Tónlistarmenntun á Íslandi	23
2.1.3 Tónlistarskóli	24
2.1.4 Dreifbýli - samfélagsgerð	25
2.1.5 Ímynd/sjálfsmynd	29
2.1.6 Menningarstefna	31
2.1.6 Habitus	34
2.1.7 Auðmagn	39
3 Aðferðafræði rannsókna	42
3.1 Þátttakendur rannsókna og úrtak	42
3.2 Hönnun á rannsókn – val á aðferðum	43
3.3 Lýsing á rannsóknaraðferðum – kostir og gallar	44
3.4 Öflun gagna, aðgengi að gögnum og greining gagna	45
3.5 Réttmæti og áreiðanleiki rannsókna	47
3.6 Staða rannsakanda innan rannsókna og siðferðileg álitamál	47
4 Tónlistarmenntun og tónlistarlíf á Norðfirði	49
4.1 Saga og bakgrunnur	49
4.1.2 Tónlistarlíf á Norðfirði á fyrri hluta 20. aldar	50
4.1.3 Lúðrablástur	51
4.1.5 Tónlistarskólinn	55
4.1.4 Áhrifavalda	57
4.1.6 Aðkoma bæjaryfirvalda að tónlistarmálum í Neskaupstað	60

4.1.7 Félagasamtök – MÍR	61
5 Niðurstöður rannsóknar	62
5.1 Bakgrunnur og fyrstu minningar tengdar tónlist	62
5.2 Tónlistarlíf - tónlistarmenntun.....	63
5.2.1 Helstu styrkleikar tónlistarlífsins –tónlistarmenntunar.....	66
5.3 Viðhorf samfélagsins.....	68
5.4 Hljómsveitarstarf	70
5.5 Áhrifavaldar og fyrirmyndir	74
5.6 Staðan í dag - framtíðarsýn.....	76
6 Umræður og ályktanir	79
6.1 Áhrif tónlistarmenntunar - hlutverk Tónskólans	79
6.2 Helsti styrkur tónlistarlífsins	81
6.3 Aðkoma bæjaryfirvalda.....	83
6.4 Áhrif samfélagsgerðar á tónlistarmenntun/ tónlistarlíf.....	85
7 Lokaorð	88
Heimildaskrá	92
Viðauki I - Spurningalisti.....	100
Viðauki II - Kynningarbréf/eyðublað fyrir samþykki viðtals.....	101

1 Inngangur

Í þessum kafla verður farið yfir val viðfangsefnis, markmið rannsóknar og þær rannsóknarspurningar sem lagðar eru til grundvallar rannsókninni. Einnig verður gerð grein fyrir fræðilegum grunni, vísindalegu framlagi og rannsóknaraðferðum auk uppbyggingar ritgerðarinnar.

1.1 Lýsing á verkefninu og val viðfangsefnis

Segja má að áhugi rannsakanda á tónlistarmenntun og tónlistarlífi í okkar samfélagi hafi ráðið miklu um hvaða viðfangsefni varð fyrir valinu ásamt löngun til að leggja sitt að mörkum til rannsókna á þessu. Tónlist er hvarvetna í okkar samfélagi og því erfitt eða ómögulegt að hugsa sér líf án hennar. Mannfólkið er mismunandi og hefur sem betur fer mismunandi smekk fyrir tónlist eins og öðru og því er mikilvægt að hver og einn geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Hér gegna tónlistarskólar landsins veigamiklu hlutverki en þeir sinna tónlistarmenntun fólks út um allt land. Þar sem rannsakandi er starfandi tónlistarkennari/tónlistarflytjandi er honum hugleikið það starf sem innt er af hendi í tónlistarskólum landsins því öflugt tónlistarlíf byggir á fólki og framlagi þess til sköpunar á tónlist, hvort sem er til flutnings eða tónsmíða.

Í þessari rannsókn verður leitast við að rannsaka þá þróun sem átt hefur sér stað í tónlistarmenntun á Norðfirði og skoðað hvernig sú menntun hefur skilað sér út í samfélagið. Saga tónlistarmenntunar verður rannsökuð frá byrjun 20. aldar og skoðuð þau áhrif sem hún hefur haft á allt tónlistarlíf og annað menningarlíf á staðnum. Þar verður hlutverk Tónlistarskóla Neskaupstaðar, síðar Tónskóla Neskaupstaðar, sérstaklega skoðað en hann hefur séð um tónlistarmenntun á staðnum frá því hann var

stofnaður árið 1956 (Smári Geirsson, 2006). Skólinn var þá þegar kominn inn á fjárlög ríkisins með 10.000 kr. fjárveitingu en þau fjárlög voru afgreidd frá Alþingi 1. febrúar árið 1956. Átta aðrir tónlistarskólar voru einnig inn á þessum fjárlögum en þeir voru: Tónlistarskólinn í Reykjavík, Tónlistarskólinn á Akureyri Tónlistarskóli Ísafjarðar, Tónlistarskóli Hafnarfjarðar, Tónlistarskóli Vestmannaeyja, Tónlistarskóli Siglufjarðar, Tónlistarskóli Akraness og Tónlistarskóli Selfoss. Þeir tónlistarskólar sem bæst höfðu við á þessi fjárlög frá fjárlögum ársins 1955 sem samþykkt voru 27. desember árið 1954, voru auk Tónlistarskóla Neskaupstaðar, Tónlistarskóli Akraness og Tónlistarskóli Selfoss.

1.2 Rannsóknarspurningar og rannsóknarmarkmið

Markmið rannsóknarinnar er að kanna þróun og áhrif tónlistarmenntunar á tónlistarlíf í litlu samfélagi á Íslandi (Norðfirði) og rannsaka hversu mikilvægt tónlistarlíf/tónlistarmenntun er fyrir menningu og ásýnd samfélagsins. Til að ná þessu markmiði voru settar fram nokkrar rannsóknarspurningar sem um leið afmarka og skýra verkefnið betur. Þær eru eftirfarandi:

Hvernig hefur tónlistarmenntun verið háttáð á Norðfirði frá byrjun 20. aldar og hvaða áhrif hefur hún haft á tónlistarlíf staðarins?

- *Hvert er hlutverk Tónskólans í menningarlífi staðarins?*
- *Hver hefur verið helsti styrkur tónlistarlífsins á staðnum?*
- *Hver er aðkoma bæjaryfirvalda og ríkis að tónlistarlífi á staðnum?*

1.3 Fræðilegur bakgrunnur og vísindalegt framlag

Markmið fyrri rannsókna/skrifa um tónlistarlíf á Norðfirði hefur verið að varðveita sögu tónlistar á staðnum og halda til haga því helsta sem hefur verið gert og hverjir hafi verið þar í forsvari (Ólafur Haukur Símonarson, 1992; Magnús Guðmundsson, 1955; Birgir Sveinsson, 1984; Smári Geirsson, 2009; Smári Geirsson, 2006). Það er því ekki hægt að segja að um beinar rannsóknir hafi verið að ræða, til dæmis á áhrifum tónlistarmenntunar á menningarlíf Norðfirðinga, heldur byggja þau skrif sem til eru mest á lýsingum nokkurra einstaklinga á tónlistarmálum í sveitarfélaginu þar sem þeir segja frá upplifun sinni og annarra á tónlistarlífinu á staðnum. Það er einmitt í því ljósi sem rannsakandi sá tækifæri með sinni rannsókn til að fylla upp í eyðurnar hvað það varðar og ná að gera grein fyrir þróun og áhrifum tónlistarmenntunar á tónlistarlíf bæjarins. Að sama skapi gafst tækifæri til að rannsaka hvort og þá á hvern hátt menningarlíf staðarins hefur notið góðs af þeirri tónlistarmenntun sem veitt hefur verið á staðnum og einnig hvaða gildi tónlistarmenntun hefur fyrir menningarlíf á þeim svæðum sem eru fjarri höfuðborgarsvæðinu.

Skoðað er hvort og hvernig sú tónlistarmenntun sem hefur verið í boði fyrir tónlistarnemendur á Norðfirði hafi verið hvetjandi á þann hátt að þeir hafi ákveðið að fara í áframhaldandi tónlistarnám og jafnvel gert tónlist að ævistarfi sínu. Einnig hvort forsprakkar tónlistarlífsins á Norðfirði hafi verið nemendum jákvæðar fyrirmyndir og þannig eflt áhuga þeirra á tónlist. Það er því meðal annars tilgangur verkefnisins að skoða hvernig staðið hefur verið að tónlistarmenntun á Norðfirði, kanna áhrif og mikilvægi tónlistarlífs á menningu og ásýnd samfélagsins og reyna að draga fram hvað

liggur þarna að baki og um leið að varpa ljósi á þá einstaklinga sem hvað mest hafa komið að tónlistarfræðslu og verið virkastir í tónlistarlífinu á staðnum.

Hér verða einnig helstu lykilhugtök rannsóknarinnar útskýrð og skilgreind þar sem litið verður til hugmynda og rannsókna margra aðila. Má þar til dæmis nefna rannsóknir Flora, Flora, Spears og Swanson (1992) á hvernig mismunandi samfélagsgerð í dreifbýli getur á margan hátt mótað viðhorf fólks til menntunar og menningarlífs, þar með talið tónlistarmenntunar/tónlistarlífs. Hugmyndir Rodriguez og Blanco (2000) eru kynntar en þær fjalla um hvernig þættir eins og menningarlegt umhverfi og aukin skólaganga hafa áhrif á smekk fólks, til dæmis hvers konar tónlist það hlustar á. Rannsókn Corbett (2009) á því hvernig samfélagsgerðin hefur mótandi áhrif á viðhorf einstaklinga í dreifbýli gagnvart atriðum eins og menntun, menningu og listum er að sama skapi rædd og kynnt. Þessar rannsóknir og fleiri rýma vel við kenningar Bourdieu um *habitus* og auðmagn sem einstaklingar koma sér upp en hann álitur að allar menningarþarfir fólks séu afsprengi menntunar og uppeldis og að þar skipti félagslegur uppruni einstaklinga miklu máli, það er hver félagsleg staða einstaklinga er í samfélaginu (Bourdieu, 2007). Einnig verður litið til hugmynda þeirra sem aðhyllast önnur sjónarmið eins og Hennion (2003) en hann gagnrýnir þær kenningar sem segja að smekkur stjórnist af félagslegri stöðu einstaklinga. Hann heldur því til dæmis fram að tónlistarsmekkur stjórnist mun frekar af tilfinningum fólks. Auk þessa eru skoðaðar rannsóknir og kenningar um gildi tónlistar og áhrif hennar á menningar- og félagslega sjálfsmynd einstaklinga og samfélaga. Enn fremur áhrif menningarlegrar vitundar ráðamanna sveitarfélaga ásamt ábyrgð þeirra á þeirri menningarstefnu sem rekin er, hvort sem hún er forskrifuð eða sjálfsprottin (Throsby,

2010; Mintzberg og Waters, 1985). Allt eru þetta rannsóknir og kenningar sem rannsakanda þessa verkefnis fannst fróðlegt að skoða og setja í samhengi við þróun tónlistarstarfs á Norðfirði og áhrif þess á samfélagið.

Ekki hefur áður verið fjallað um tónlistarmenntun eða tónlistarlíf á Norðfirði með þessum hætti. Rannsakanda er reyndar ekki kunnugt um að sambærileg rannsókn á tónlistarlífi í samfélagi á landsbyggðinni hafi verið framkvæmd áður hér á landi og því er ekki hægt að leita í aðrar innlendar rannsóknir til samanburðar. Hér er því um nýmæli að ræða sem vonandi mun varpa ljósi á hlutverk tónlistarmenntunnar í menningarlífi bæjarfélaga á landsbyggðinni og getur nýst sem yfirlit yfir það sem vel hefur verið gert og líka hvar megi gera betur. Allt snýst þetta um forgangsröðun í samfélaginu.

1.4 Kynning á aðferðarfræði rannsókna

Rannsóknin er með eigindlegu rannsóknarsniði og byggir á óstöðluðum viðtölum sem hafa meðal annars þann tilgang að lýsa reynslu og upplifun fólks. Umræðuefnið var þó fyrir fram ákveðið og viss rammi settur um það (sjá viðauka I). Þótt lagt hafi verið upp með ákveðinn viðtalsramma var viðmælendum gefinn kostur á að hafa áhrif á gang viðtalsins. Viðtölin voru hljóðrituð, en það var gert svo ekki færi á milli mála að rétt væri eftir viðmælendum haft. Viðmælendur koma fram undir dulnefni í rannsókninni.

Rannsóknarnálgunin einkennist af aðleiddri nálgun (e. induction) þar sem nýjar hugmyndir og kenningar eru teknar upp úr gögnunum (Creswell, 2007). Þetta er gert með því að rannsaka heimildir sem gefnar hafa verið út á prenti um tónlistarlíf á Norðfirði. Þar má nefna æviminningar einstaklinga, kafla í bókum, (Ólafur Haukur Símonarson, 1992; Magnús Guðmundsson, 1955; Birgir Sveinsson, 1984; Smári

Geirsson, 2009; Smári Geirsson, 2006) rit og greinar sem meðal annars hafa verið birtar í dagblöðum og finna má á vefnum tímarit.is. Annarra rannsóknargagna var aflað með því að taka viðtöl við tíu einstaklinga til að dýpka sýn rannsakanda á viðfangsefnið.

Þýðið, sem rannsóknin byggir á, eru einstaklingar sem komið hafa beint að tónlistarmálum á Norðfirði á 20. og 21. öld. Hér er átt við þátttakendur í Lúðrasveit Neskaupstaðar, þá sem fengist hafa við tónlistarkennslu á staðnum og Norðfirðinga sem eru eða hafa verið tónlistarkennarar/tónlistarflytjendur að atvinnu. Rannsakandi valdi viðmælendur úr þýðinu og því er hér um markmiðsúrtak að ræða þar sem rannsakandi valdi úrtak sem hæfði hans rannsóknarmarkmiðum (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2003).

1.5 Uppbygging ritgerðarinnar

Kafli 2 fjallar um fræðilegan bakgrunn rannsóknarinnar þar sem helstu hugtök og kenningar, sem liggja til grundvallar viðfangsefni rannsóknarinnar, eru skýrð og skilgreind.

Kafli 3 lýsir þeirri aðferðarfræði sem rannsóknin styðst við, hvernig þátttakendur voru valdir og hvernig öflun og greining gagna átti sér stað. Einnig er þar fjallað um kosti og galla þessarar rannsóknaraðferðar, réttmæti og áreiðanleika rannsóknarinnar auk stöðu rannsakanda innan hennar og siðferðisleg álitamál sem upp geta komið.

Kafli 4 rekur í grófum dráttum sögu og bakgrunn tónlistarlífs og tónlistarmenntunar á Norðfirði frá byrjun 20. aldar þar sem gerð er grein fyrir innihaldi þeirra rannsókna/skrifa sem til eru um þróun þeirra mála. Sérstök áhersla er á

starfsemi Lúðrasveitar Neskaupstaðar og Tónlistarskóla Neskaupstaðar, síðar Tónskóla Neskaupstaðar.

Kafli 5 greinir frá niðurstöðum rannsóknarinnar þar sem svör viðmælenda eru flokkuð og þeim skipt niður í meginþemu.

Í 6. kafla má svo finna umræður og ályktanir þar sem helstu niðurstöður eru teknar saman, þær ræddar og settar í samhengi við fræðilegan bakgrunn verkefnisins og þær rannsóknarspurningar sem lagt var upp með. Einnig er þar velt upp nokkrum hugmyndum að frekari rannsóknum.

Lokaorð má svo finna í 7. kafla þar sem meðal annars er varpað fram frekari hugmyndum um áframhaldandi rannsóknir tengdar viðfangsefninu.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla verður fjallað um tónlist og tónlistarmenntun frá fræðilegu sjónarhorni og hvernig mismunandi samfélagsgerð getur haft áhrif á viðhorf, mótun, venjur og sjálfsmynd einstaklinga.

2.1 Skilgreining á hugtökum/fræðilegur bakgrunnur

Áhrif og gildi tónlistar og tónlistarmenntunar fyrir einstaklinga og samfélög er meginviðfangsefni rannsóknarinnar og því mikilvægt að skoða rannsóknir og kenningar sem fjalla um þessi mál hvort sem þær snúa að tónlistinni sjálfri eða þeirri samfélagsgerð sem hún sprettur upp úr. Umhverfi einstaklinga skiptir máli, hvort sem er menningarlegt eða félagslegt, auk staðháttar og stærðar samfélags. Með þetta að leiðarljósi taldi rannsakandi mikilvægt að reifa helstu hugtök rannsóknarinnar sem nota á til að skýra og skilgreina viðfangsefnið.

2.1.1 Tónlist og tónlistarmenntun

Ýmsir hafa velt fyrir sér gildi listarinnar, bæði fyrr og nú. Hvað ertu tónlist? spyr til dæmis Árni Kristjánsson píanóleikari (1986) í samnefndri bók sinni um tónlist og tónlistarmenn. Því er ekki auðsvarað segir hann en telur að allar listgreinar séu skyldar og eigi sömu rætur í myrkviðum mannsálarinnar og brjótist svo fram ýmist í tónum, myndum eða orðum. Tónlistin byggi á fjarstæðum en ekki á veruleika. Hún sé líf án efnis og sé ævarandi (Árni Kristjánsson, 1986). Aðrir benda á að ekkert einhlítt svar sé hægt að gefa við þeirri spurningu hvað tónlist sé þar sem skoðanir einstaklinga á því séu svo persónubundnar. Það sem hljómi sem tónlist í eyrum sumra flokki aðrir sem

hávaða. Mat fólks á tónlist fer gjarnan eftir því hvernig menningu og venjur einstaklingar búa við og því getur til dæmis tónlist ættuð frá öðrum menningarheimum reynst framandi og jafnvel óskiljanleg sumum. Samt sem áður hefur flest tónlist áhrif á tilfinningar okkar og til að leita svara við spurningunni um hvað sé tónlist þá þarf fólk að leita í sál sína og því er eðlilegt að svörin verði mismunandi eftir einstaklingum (Matthews og Thompson, 2010).

Saga mannsins er samofin sögu tónlistar og hljóðfæra sem hafa lifnað við í höndum tónlistarmanna í aldanna rás. Það má því segja að saga tónlistar sé órjúfanlegur partur af sögu mannkynsins. Margar etnógrafískar rannsóknir á gömlum, frumstæðum samfélögum hafa leitt í ljós að tónlistarsköpun er ein af grunnþörfum fólks auk þess sem hún er mikilvægur þáttur í samfélagslegri menningu (Matthews og Thompson, 2010). Tónlist hefur því fylgt mannum frá fyrstu tíð, bæði í formi söngs og hljóðfæraleiks. Mæður hafa til dæmis sungið börn sín í svefn í gegnum aldirnar og tónlist hefur alla tíð gegnt mikilvægu hlutverki í menningarsögunni en það má rekja sögu vestrænnar tónlistar til tónlistar Grikkja og Rómverja, jafnvel til Austurlanda. Grísku heimspekingarnir Platon (428 - 348 f.Kr.) og Aristóteles (384 - 322 f.Kr.), sem voru helstu talsmenn menntakerfis Grikkja, töldu að tónlistariðkun væri besta andlega þjálfunin (Headington, 1987). Hugmyndir þeirra hvað varðar mikilvægi tónlistar og tónlistariðkunar hafa haft mikil áhrif á alla hugsun um tónlist og menntun á Vesturlöndum á seinni tímum (Staumo, 2002). Platon hafði reyndar mjög háleitar hugmyndir um gildi tónlistar og áleit að stjórnufræðin og tónlistin væru systur, augun væru sniðin fyrir stjórnufræðina en eyrun fyrir tónana (Platon, 1991/1997). Í hans huga var mjög mikilvægt að allir þegnar samfélagsins nyttu tónlistarmenntunar strax frá

unga aldri til að þeir mættu auka eigin þroska auk þess sem hann taldi að taktur og hljómur hefði góð áhrif á sálina og auðveldaði hverjum og einum að fást við mismunandi tilfinningar sínar. Eins taldi hann að tónlist og tónlistariðkun væri mikilvæg sem félagslega athöfn því hún hefði mikið gildi fyrir samfélagið í heild sinni. Taka yrði þó tillit til aðstæðna fólks eins og kyns, stéttarstöðu og samfélagsgerðar því hver og einn samfélagsþegn ætti að læra þá tónlist sem hann þekkti úr umhverfi sínu og hentaði honum best miðað við hans aðstæður (Staumo, 2002).

Aristóteles fjallaði einnig um mikilvægi tónlistar í samfélaginu eins og áður segir. Hann var meðal annars nemandi Platons í um 20 ár og deildu þeir mörgum sameiginlegum hugmyndum um gildi tónlistar og tónlistarmenntunar þótt ekki væru þeir sammála um alla hluti í þeim efnum. Þeir voru sammála um að tónlist væri ein af þeim greinum sem ætti að vera í námskrá skóla þar sem hún væri svo mikilvæg fyrir þroskaferli einstaklinga og einnig fyrir sálina. Aristóteles taldi þó að nemendur hefðu ekki þroska til að hefja tónlistarnám eða tónlistariðkun fyrir en þeir væru orðnir fjórtán ára gamlir. Báðir töldu þeir eitt af markmiðum tónlistarkennslu ætti að vera að kenna ungu fólki að verða hæft til að meta gæði þeirrar tónlistar sem það hlustar á og geta upplifað ánægju þegar það heyri góða tónlist. Aristóteles, líkt og Platon, taldi markmið tónlistarmenntunar ekki snúast um tæknilega þætti heldur ætti námið annars vegar að miða að því markmiði að allir gætu náð þeirri færni sem gerir hverjum einstaklingi kleift að njóta tónlistar eða tónlistariðkunnar. Hins vegar væru svo þeir sem hefðu mikla hæfileika á tónlistarsviðinu og vildu gerast atvinnumenn í tónlist. Hann lagði áherslu á gildi tónlistar til slökunar, andlegrar endurhæfingar og til að stuðla að jákvæðum tilfinningum (Staumo, 2002).

Í *Biblíunni* (1981) má finna dæmi um hvernig Gyðingar iðkuðu tónlist og hvaða hlutverki hún gegndi í samfélaginu. Einnig má þar sjá hversu máttug hún var í hugum margra. Í fjórðu Mósebók má meðal annars finna dæmi um það þegar Drottinn bað Móse að nota lúðra til að kalla saman bæði söfnuðinn og eins herinn með því að blása mis hveltt í einn eða tvo lúðra samtímis. Auk þess að nota þá við þær aðstæður þá átti hann að nota lúðrana á gleðistundum. Fólk trúði einnig á mátt tónlistar og um mátt hennar má til dæmis lesa í fyrri Samúelsbók þegar Davíð leikur á hörpu sína fyrir Sál konung. „Og jafnan þegar hinn illi andi frá Guði kom yfir Sál, þá tók Davíð hörpuna og lék hana hendi sinni. Þá bráði af Sál og honum batnaði...“ (Biblían, 1981, bls. 305).

Tónlist gegnir mikilvægu hlutverki í okkar samfélagi. Má þar til dæmis nefna mikið gildi tónlistar við ýmsar trúarlegar athafnir. Einnig eflir tónlist oft samkennd fólks við ýmis tækifæri bæði þegar um gleðistundir er að ræða eins og brúðkaup eða sorgarstundir eins og jarðarfari. Segja má að tónlist birtist með ýmsum hætti í okkar menningu og hafi sterk áhrif á fólk í gegnum lífið (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2010). Máttur tónlistar er mikill og það eru fáar manneskjur til sem tónlistin hreyfir ekki við á einhvern hátt, hvort sem hún fær fólk til að hreyfa sig, dansa eða hlusta eftir þeim boðskap sem hún hefur fram að færa. Tónlist snertir við tilfinningum fólks sem meðal annars kemur fram í gleði, sorg, skapferli, sköpun og sumir telja jafnvel að hún geti virkað á undirmeðvitundina. Tónlist er eins og áður segir órjúfanlegur hluti margra mikilvægra viðburða í daglegu lífi okkar og því mikilvægur þáttur í menningu hvers samfélags (Matthews og Thompson, 2010).

Tónlist gegnir mikilvægu hlutverki í samskiptum fólks og er á margan hátt öflugt hjálpartæki í mannlegum samskiptum, enda má segja að um alþjóðlegt

„tungumál“ sé að ræða. Fólk þarf ekki að tala sama tungumál til að upplifa tónlist saman auk þess sem tónlist getur kallað fram miklar tilfinningar. Þá má segja að þáttur tónlistar í daglegu lífi fólks hafir aukist mikið á síðari árum, ekki síst vegna mikilla tækniframfara og í þeirri þróun á svokallaður tónlistariðnaður mikinn þátt. Einstaklingar nota tónlist ekki einungis til að stjórna hegðun sinni og skapsmunum í daglegu lífi heldur er tónlist orðin stór þáttur í mótun sjálfsmyndar einstaklinga þar sem smekkur á tónlist gefur til kynna bæði hvaða gildi þeir aðhyllast og eins hvernig hegðun þeirra er. Einnig eru flytjendur og tónskáld ósparir á að nota tónlist sína sem tjáningarform eigin skoðana. (Hargreaves, Miell og MacDonald, 2002).

Alls konar listastarfsemi, eins og til dæmis tónlistariðkun, verður hins vegar ekki til af sjálfu sér og því þarf að leggja áherslu á listfræðslu fyrir einstaklinga og hópa. Hún kemur til með að gera þá hæfari til að njóta menningar og lista og einnig að hjálpa þeim sem eiga eftir að feta braut listarinnar og gera hana að sinni atvinnu. Því má ekki gleyma að listin hefur alla tíð verið atvinnuskapandi og því um leið verðmætaskapandi fyrir einstaklinga og samfélög. Menntakerfið þarf á listfræðslu að halda til að efla skapandi hugsun í okkar nútíma þjóðfélagi. Því er mikil þörf fyrir einstaklinga sem geta tjáð sig og leitað óhefðbundinna lausna á viðfangsefnum, geta hugað á gagnrýninn hátt ásamt því að vera hæfir í mannlegum samskiptum. Það er mikilvægt að menntakerfið viðhaldi menningarlegum gildum og hefðum samfélaga og miðli þeim til komandi kynslóða. Listir, þar með talin tónlist, eru því mjög mikilvægar í menningu samfélaga og því ber menntakerfinu að sinna þeim og efla því þær eru einn mikilvægra þátta í því að styrkja sjálfsvitund einstaklinga jafnt sem samfélaga. Alls kyns listiðkun er því nauðsynlegur þáttur í menningu hvers samfélags til að tryggja

menningarlega fjölbreytni. Aðalatriðið er að listfræðslan taki mið af umhverfi og menningu einstaklinga því þannig eflir hún sjálfsmynd hans og einnig virðingu fyrir menningu annarra einstaklinga. Auk þess er mikilvægt að hún bjóði einstaklingum upp á fræðslu um listir og veiti þeim tækifæri til að sækja tónleika, sýningar og fleira þess háttar, ásamt því að þeir geti sjálfir tekið þátt í listiðkun (UNESCO, 2006a).

Ef litið er á tónlist sem mikilvægan þátt í mótunarferli mannsins í aldanna rás og að hún eigi sinn þátt í því að gera okkur að þeim manneskjum sem við erum í dag, bæði hvað varðar hegðun og samskipti manna á millum, þá verður ekki annað sagt en að gildi tónlistarmenntunnar sé umtalsvert. Því er mikilvægt að allir eigi þess kost að þroska tónlistarlegan skilning sinn og fái tækifæri til þess að tjá sig með tónlist. Þannig getum við stuðlað að því að hver og einn verði hæfari þátttakandi í okkar samfélagi (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2010).

Til að tónlistarmenntun sé öflug og góð þarf góða kennara því tónlistarkennarar hafa mikil áhrif á tónlistarlegt uppeldi nemenda sinna og bera mikla ábyrgð á að móta framtíð nemenda hvað tónlistaruppeldi varðar. Það hefur komið í ljós að þau ungmenni sem taka þátt í tónlistariðkun eru mun líklegri til að vera virkir þátttakendur í tónlistarlífinu þegar þeir eldast en þeir sem ekki njóta hennar (Pitts, 2008). Einnig er mjög mikilvægt að tónlistarkennarar séu hvetjandi og nái að mynda góð tengsl við nemendur sína auk þess sem góður stuðningur frá foreldrum er stór þáttur í farsælu tónlistarnámi barna og unglunga (Pitts, 2009). Til þess að listfræðsla, af hvaða toga sem er, verði í háum gæðaflokki þá þarf vel menntaða og þjálfaða kennara sem hafa skilning á listum og gildi þeirra og eins færni og þekkingu til að miðla til nemenda (UNESCO, 2006a).

2.1.2 Tónlistarmenntun á Íslandi

Segja má að fyrstu heimildir um tónlistarkennslu hér á landi tengjast kennslu í söng og söngfræðum á Hólum í Hjaltadal árið 1107. Mikil kaflaskil urðu hins vegar í tónlistarlífi landsins þegar orgel kom í Dómkirkjuna í Reykjavík árið 1840 og orgelleikarinn Pétur Guðjónsson, sem hafði stundað tónlistarnám í Danmörku, kom þar til starfa en hann hafði töluverð áhrif á uppgang og þróun tónlistarlífs á Íslandi. Upp úr þessu fóru íslenskir tónlistarmenn að sækja sér tónlistarmenntun til útlanda og komu svo aftur heim að námi loknu og urðu brautryðjendur í tónlistarlífi á Íslandi á 20. öldinni. Má þar nefna menn eins og Sigfús Einarsson (1877 - 1939) og Pál Ísólffson (1893 - 1974). Saga skipulagðar tónlistarmenntunar á Íslandi er ekki mjög löng en það voru mikil tímamót bæði í tónlistarmenntun og tónlistarsögu okkar ágæta lands þegar fyrsti tónlistarskólinn var stofnaður árið 1930 í Reykjavík. Eitt af markmiðum skólans var að mennta hljóðfæraleikara svo flytja mætti stærri verk svo vel færi (Bjarki Sveinbjörnsson, 1997). Ríkið lagði fljótlega til fjármagn til reksturs skólans en hann var kominn inn á fjárlög ríkisins fyrir árið 1932 sem samþykkt voru á sumarþingi ári áður.

Það má segja að stofnun Tónlistarskólans í Reykjavík og aðkoma ríkisins að rekstri hans hafi markað ákveðið upphaf í sögu tónlistarmenntunar á Íslandi og orðið til þess að fleiri tónlistarskólar voru stofnaðir eins og sjá má í fjárlögum ríkisins fyrir árið 1956 sem samþykkt voru 1. febrúar það sama ár. Þá veitti ríkið styrk til reksturs alls nýu tónlistarskóla á landinu, þar með talið Tónlistarskóla Neskaupstaðar (Fjárlög fyrir árið 1956).

2.1.3 Tónlistarskóli

Tónlistarskóli er skóli þar sem tónlistarkennsla fer fram, til dæmis kennsla í hljóðfæraleik og tónfræðigreinum (*Íslensk orðabók*, 2002). Á Íslandi var slíkur skóli fyrst stofnaður í Reykjavík eins og áður segir árið 1930 (Bjarki Sveinbjörnsson, 1997). Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla voru hins vegar ekki sett á Alþingi fyrr en árið 1963 og má segja að þau lög séu enn sá grunnur sem starfsemi tónlistarskólanna á Íslandi byggir á (Menntamálaráðuneytið, 2004). Þá þegar voru um fimmtán skólar starfræktir víða um landið. Í lagafrumvarpinu frá árinu 1963 er tíundað hvaða skilyrði tónlistarskólar þurfi að uppfylla til að fá þennan stuðning frá ríkinu svo sem starfstími þeirra, hvaða skuli kennt og fjöldi nemenda (Þingskjal 413, 1963). Núna eru starfræktir 86 tónlistarskólar á Íslandi víðs vegar um landið (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012).

Tónlistarskólar á Íslandi starfa í dag eftir aðalnámskrá sem kom út árið 2000. Hún skiptist annars vegar í greinahluta fyrir hvert hljóðfæri og tónfræðigreinar en hins vegar í almennan hluta þar sem gerð er grein fyrir hlutverki tónlistarkennslu og helstu markmiðum hennar. Samkvæmt aðalnámskrá er meginmarkmið tónlistarkennslu að efla og þroska sjálfsmynd, þekkingu og hæfni nemenda með fjölbreyttum og sveigjanlegum kennsluháttum þar sem komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda þannig að allir sem vilja stunda nám í tónlistarskólum fái eitthvað við sitt hæfi. Auk þess eiga tónlistarskólar að stuðla að eflingu tónlistarlífs í landinu (*Aðalnámskrá tónlistarskóla*, 2000).

2.1.4 Dreifbýli - samfélagsgerð

Þar sem þessi rannsókn fjallar um tónlistarmenntun og tónlistarlíf í litlu samfélagi á Íslandi (Norðfirði) er áhugavert að skoða sérstaklega rannsóknir og skrif um samfélög í dreifbýli almennt; hvernig hugtakið dreifbýli er skilgreint, hvernig venjur og siðir fólks í dreifbýlinu geta tekið mið af þeirra aðstæðum og hvaða áhrif samfélagsgerðin hefur á þróun menningarlífs og sjálfsmyndar samfélaga.

Margir halda því fram að hægt sé að skilgreina dreifbýli út frá nokkrum sameiginlegum þáttum, svo sem mannfjölda, fjarlægð frá þéttbýli, einangrun og frekar einsleitri menningu, þar sem efnahagur er byggður á náttúruauðlindum og jafnframt út frá sterkum staðbundnum einkennum. Samt má segja að þessi skilgreining eigi einungis að hluta til rétt á sér nú á tímum þar sem miklar breytingar hafa átt sér stað í litlum samfélögum í dreifbýli á síðustu áratugum, rétt eins og í stærri samfélögum. Augljósasti munurinn á dreifbýli og þéttbýli er mannfjöldinn. Skilgreining á hvað sé þéttbýli og hvað dreifbýli er þó misjöfn eftir löndum og fer þá eftir mannfjölda viðkomandi landa og þéttleika byggðar. Í Bandaríkjunum er til dæmis talað um svæði þar sem innan við 2500 íbúar búa sem dreifbýli eða jaðarbyggð, það er að segja ef langt er í næsta þéttbýliskjarna (Flora, Flora, Spears og Swanson 1992).

Í Orðabók Menningarsjóðs er þéttbýli skilgreint sem „þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns í heildstæðri byggð“ (*Íslensk orðabók*, 2002, bls. 1809). Dreifbýli er þá það svæði sem ekki fellur undir þessa skilgreiningu. Áður fyrr voru þessi samfélög oft einangruð til dæmis vegna lélegra samgangna en þetta hefur breyst í seinni tíð vegna mikilla umbóta í vegakerfinu, betri bíla auk flugsins. Stórauknar tækniframfarir hafa einnig breytt miklu hjá fólki til dæmis við að upplifa ýmsa menningarlega

viðburði. Nú hefur tæknin meðal annars gert fólki kleift að horfa á sama viðburðinn á sama tíma nánast hvar sem það er statt í heiminum (Flora, o.fl., 1992). Þetta gerir það að verkum að til dæmis alls kyns tónlistarviðburðir, sem haldnir eru víða um heim, eru orðnir aðgengilegir einstaklingum sem búa víðs fjarri. Þannig hefur skapast möguleiki á því að sjá það sem best gerist í tónlistarheiminum hverju sinni.

Rannsókn Corbetts (2009) byggir á etnógráfískum athugunum og viðtölum við foreldra og nemendur á aldrinum 13-18 ára sem búa í dreifbýli meðfram austurströnd Kanada. Þar kemur fram að samfélagsgerðin hefur mjög mótandi áhrif á viðhorf bæði foreldra og ungmenna til dæmis til menntunnar, menningar og lista. Flest ungmenni í dreifbýli vita að vilji þau leita sér framhaldsmenntunar, til dæmis á sviði tónlistar, þá mun sá tími koma að þau þurfi að leita sér hennar í önnur samfélög. Það þýðir að þau verða að flytja frá fjölskyldum sínum þar sem þau samfélög sem þau alast upp í bjóða ekki upp á slíka menntun. Ungt fólk standi sem sagt frammi fyrir því að velja hvernig framtíð það vill búa sér. Margir kjósi að hætta snemma í skóla og fara út á vinnumarkaðinn jafnvel þótt atvinnulífið bjóði ekki upp á mikla fjölbreytni (Corbett, 2009).

Skilningur foreldra á því að börn þeirra sækji sér aukna menntun, svo sem tónlistarmenntun, er misjafn. Almennt virðast foreldrar eiga auðveldara með að skilja mikilvægi menntunar sem fólk aflar sér ef hún tengist raunverulegum viðfangsefnum samfélagsins fremur en mikilvægi þeirrar framhaldsmenntunar þar sem viðfangsefnin nýtast fólki sjaldan eða aldrei. Nokkuð stórt hlutfall fullorðinna í rannsókn Corbetts hefur ekki stundað framhaldsnám og þeir hugsa gjarnan á hagkvæman hátt, það er: Hvað borgar sig? Hins vegar eru þeir sem vilja mennta sig. Áhrif þeirra hafa valdið því

að samfélagið leggur í auknum mæli áherslu á að framhaldsnám sé eflt í dreifbýlinu til þess að halda megi frekar í unga fólkið því það sé mikilvægt til að viðhalda samfélaginu og efla það. Viðhorf foreldra til menntunar, þar með talið tónlistarmenntunar, fer auk þess bæði eftir efnahag og jafnframt hvaða stétt þeir tilheyra. Corbett álitur niðurstöður sínar falli vel að kenningum Bourdieu um hvernig samspil menningarauðs og *habitus* tengist félagslegri stöðu einstaklinga þar sem þættir eins og kynþáttur, kyn og stétt skipta miklu máli og einnig út frá staðsetningu, hvar fólk býr og við hvernig samfélagsgerð (Corbett, 2009).

Áður fyrr skilgreindu félagsfræðingar nokkur atriði sem þeir sögðu að þyrftu að vera til staðar svo tala mætti um samfélag. Þeir skilgreindu samfélag sem stað þar sem boðið var upp á ákveðnar félagslegar stofnanir á borð við skóla og kirkju. Þar varð einnig að vera til staðar ákveðin þjónusta eins og opinber stjórnun auk þess sem hægt væri að stunda verslun og viðskipti. Núna er það að tilheyra samfélagi ekki endilega að búa í sama bæ eða svæði. Nú tölum við um samfélag þeirra sem deila svipaðri sjálfsmynd (identity) eða lífstíl þar sem samskipti fólks fara fram á fundum, í skrifum, í tímaritum, tölvupósti eða síma og því getur fólk verið búsett hvar sem er í heiminum. Það má þó segja að það séu ákveðnar grunnstoðir í hverju samfélagi eins og fjölskyldan, skólar og kirkjan. Þessar stofnanir hafa sterk áhrif á mótun menningar og lista í samfélögum í dreifbýli auk þess sem mikið er lagt upp úr samstöðu meðal fólks í smærri samfélögum. Menning samfélaga getur haft mikil áhrif á hvernig samfélagsleg vandamál eru meðhöndluð og hvaða lausnir þykja ásættanlegar. Tónlistarstarfsemi getur eins og önnur menningarstarfsemi verið mjög mismunandi eftir svæðum í dreifbýlinu en segja má að margir hópar víða um heim vilji halda í sérstöðu sína og

menningararfleifð. Það er hins vegar svo að það sem einn sér sem vandamál getur annar séð sem tækifæri. Það fer allt eftir því hvort fólki finnist það geta stjórnað hlutunum, hvað sé sanngjarnt og hvað það telur verðmætt (Flora, o.fl., 1992).

Það virðist vera að fólk megi flokka í mismunandi hópa í þeim samfélögum þar sem atvinnuhættir eru einhæfir og einsleitir. Í rannsókn sem Fabiansson (2006) gerði í tveimur sveitarfélögum í dreifbýli Ástralíu, þar sem landbúnaður var aðal atvinnugreinin í öðru sveitarfélaginu en námuvinnsla í hinu, kemur meðal annars fram að menning, listir og félagslegir þættir hafa mikil áhrif á formgerð samfélaga, ekki síst þar sem samfélög byggja á einhæfu atvinnulífi. Þátttaka ungs fólks í þeim viðburðum sem samfélagið bauð upp á svo sem tónlistarviðburðum var misjöfn eftir kyni enda má sjá að samfélagið mat verðleika fólks misjafnlega. Þarna voru þættir eins og líkamlegt atgervi fólks sérstaklega metnir til verðleika og samfélagið kom meira til móts við unga karla en ungar konur hvað áhugamál snertir, til dæmis var lögð mikil áherslu á ýmsar líkamlegar íþróttir. Konurnar áttu meira að sinna félagslegum gildum samfélagsins svo sem umönnun (Fabiansson, 2006). Það er því ljóst að samfélagsmenning hvers samfélags svo sem tónlistarmenntun og tónlistarlíf bera keim af atvinnuháttum samfélagsins og þeim gildum sem þar ríkja og því greinilegt að áhrif nærsamfélagsins eru mikil á viðhorf og venjur einstaklinga.

Landslagið hefur lítið breyst í dreifbýlinu það er að segja frá náttúrunnar hendi þótt mannskepnan setji auðvitað mark sitt á það með sínum framkvæmdum til dæmis vegum og byggingum. Mannlífið hefur aftur á móti breyst mun meira og þar hafa tækniframfarir haft mjög mikil áhrif hvort sem lítið er til samgangna og viðskipta eða menntunar svo sem tónlistarmenntunar og eins tónlistarlífs. Það má hins vegar sjá að

atvinnulíf í dreifbýlinu er oft á tíðum einhæfara en gengur og gerist í fjölmennum samfélögum. Það byggir oftar en ekki á nýtingu náttúruauðlinda þar sem um svokallaða frumvinnslu er að ræða og því er efnahagslegt umhverfi nátengt náttúruauðlindum bæði á sjó og á landi, en það hefur þó verið smám saman að breytast í seinni tíð. Það þarf þó alltaf að hafa í huga þegar skilgreindar eru samfélagslegar auðlindir að þær felast ekki einungis í efnislegum hlutum svo sem tilteknu hráefni til vinnslu. Í samfélagi manna þarf auðvitað að vera fólk auk þess sem þar þurfa að vera til staðar þættir eins og menning, stofnanir og félagasamtök. Ekki má heldur líta á samfélög í dreifbýli sem einangruð fyrirbæri, heldur tengjast samfélög í dreifbýli og þéttbýli á margan hátt, hvort sem er efnahagslega, félagslega eða menningarlega. Dæmi um það getur verið matur sem er borinn fram á einum stað en framleiddur á öðrum, jafnvel í annarri heimsálfu. Það sem er framleitt á einum stað getur búið til störf á öðrum og svo framvegis (Flora, o.fl., 1992). Þetta á einnig við um menningu og listir. Tónlist sem var samin til dæmis af Mozart skapar fólk enn þá atvinnu út um allan heim við kennslu og tónlistarflutning. Auk þess sem fjöldi einstaklinga hvarvetna í heiminum fær að njóta og upplifa þessa tónlist sem iðkendur eða áheyrendur.

2.1.5 Ímynd/sjálfsmynd

Menningarstarfsemi af ýmsum toga er mikilvæg bæði einstaklingum og eins samfélögum, ekki síður í dreifbýli en í þéttbýli. Það má samt ekki hugsa þessa menningarlegu starfsemi eins og tónlistarmenntun eða tónlistarlíf einungis sem eign eða varðveislu gamalla hefða þótt hún tengist vissulega bæði stað og ímynd hvers samfélags. Komið hefur í ljós að mikið samspil virðist vera á milli hlutverks og þróunar félagsauðs og þeirrar sjálfsmyndar sem ríkir í samfélaginu. Einnig má sjá að

þar sem menningarlegt auðmagn, svo sem menntun, menning og listir, hefur jákvæð hagræn áhrif fyrir samfélög þar er menningarleg sjálfsmynd sterk sem og félagsleg tengsl einstaklinga (Lee, Árnason, Nightingale og Shucksmith, 2005). Af þessu mætti draga þá ályktun að þar sem jákvæð tengsl sjást á milli tónlistarmenntunar og hlutverks tónlistar í samfélaginu muni það leiða af sér sterkari menningarlega sjálfsmynd samfélagsins.

Fjölþætt arfleifð einstaklinga svo sem tungumál, þjóðerni, helgisiðir, náttúra og hefðir eru mjög sterkir þættir í menningu þjóða og samfélaga sem nýtast bæði einstaklingum og samfélögum til að byggja upp sjálfsmynd sína. Þannig halda samfélög og einstaklingar í sína menningarsérstöðu í gegnum listir svo sem tónlist og tónlistarmenntun, bókmenntir, trú, hefðir og fleira. Menning samfélaga snýst einnig um notagildi þar sem athafnir fólks sem eiga meðal annars að fela í sér skapandi framleiðslu, hafi táknræna merkingu og vitsmunalega eiginleika (Throsby, 2001; Throsby, 2010). Það má segja að með aukinni hnattvæðingu hafi menningarhugtakið að sumu leyti breyst þar sem menning er orðin í meiri mæli tengd iðnaði þar sem alls kyns framleiðsla á vöru og þjónustu er orðin að söluvöru sem ætluð er til að byggja upp „lífstíl“ hópa í samfélaginu (Arnar Árnason, 2002). Í þessu sambandi er til dæmis talað um tónlistariðnaðinn.

Virk menningarþátttaka fólks er mjög mikilvægur þáttur í sjálfsmynd einstaklinga og styrkir vitund þeirra um að tilheyra ákveðnum hópi eða þjóð. Sjálfsmynd mótast meðal annars af þeirri stefnu sem opinberir aðilar setja fram og menningarleg arfleifð, bæði áþreifanleg og óáþreifanleg, hefur þar einnig áhrif. Sú arfleifð er afar mikilvægt framlag til að skilja menningarlega ímynd þess samfélags

sem um ræðir. Að auki gegnir menntun, þar með talin tónlistarmenntun, lykilhlutverki í að flytja þekkingu milli kynslóða, þjálfa fólk til dæmis í listum og veita nýjum kynslóðum innsýn í menninguna (Throsby, 2010). Þessi markmið opinberra aðila eiga jafnt við alla þegna samfélagsins hvort sem þeir búa í dreifbýli eða þéttbýli og er ekki síst til hagsbóta fyrir dreifbýlið eins og hér á landi. Það má ef til vill segja að þetta sé stefna sem Norðurlöndin hafi mótað sér í menningu og listum. Þannig telur Ólafur Rastrick að margslungnar sögulegar ástæður séu fyrir þeirri ríku áherslu á mannræktargildi, jöfnuð og félagslega samtryggingu sem norræn stjórnvöld virðast tengja menningarstuðningi sínum (Ólafur Rastrick, 2011).

2.1.6 Menningarstefna

Í þessari rannsókn er meðal annars skoðuð aðkoma bæjaryfirvalda á Norðfirði að tónlistarstarfseminni þar og einnig lítillega skoðuð aðkoma ríkisins að uppbyggingu tónlistarlífs hérlendis. Því telur rannsakandi mikilvægt að átta sig á hvað felst í hugtakinu menningarstefna. Hér verður það hugtak skilgreint annars vegar út frá forskrifaðri stefnu en hins vegar út frá sjálfsprottinni stefnu en í aðkomu opinberra aðila að menningarmálum má oft greina báðar þessar áherslur.

Hugmyndir um forskrifaða stefnu byggjast á því að stjórnendur/stjórnvöld hafi stjórn á öllum atriðum stefnunnar og séu með nákvæma aðgerðaráætlun að stefnumótun lokinni. Stefnan þarf að hafa mjög skýr og vel skilgreind markmið og framkvæmd hennar þarf að vera í algjöru samræmi við skrifaða stefnu (Mintzberg og Waters, 1985).

Þegar rætt er um sjálfsprottna stefnu er átt við stefnu sem ekki er til skrifuð heldur verður til sem viðbrögð við umhverfinu og með þeim stjórnunartækjum sem eru

til staðar hverju sinni. Sé litið til opinberrar stefnu er þar um að ræða fyrirbyggjandi löggjöf, reglugerðir og aðrar ákvarðanir viðkomandi stjórnvalds en bent hefur verið á að það sé mjög ólíklegt að stefna geti verið einungis annað hvort forskrifuð eða sjálfsprottin (Mintzberg og Waters, 1985). Líklegra er að til verði einhvers konar útgáfa af forskrifaðri stefnu en við framkvæmd hennar verði til sjálfssprottin stefna (Haukur F. Hannesson, 2009).

Bent hefur verið á að menningarstefna segi til um þá hugmyndafræði sem stuðst er við, en stefna í orði sé eitt en framkvæmd stefnunnar annað. Önnur tæki séu nýtt til að verja fjármunum til menningarmála, ákveða hvaða verkefni eru styrkt og hver ekki (Bjarki Valtýsson, 2011). Þannig getur menningarstefna vel verið til staðar þó hún sé ekki til skjalfest. Hún sé til mótuð og framkvæmd af ýmsum aðilum sem vinni á menningarvettvangi svo sem ríki, sveitarfélögum, einstaklingum, stofnunum og frjálsum félagasamtökum (Haukur F. Hannesson, 2009).

Menning er af mörgum álitum eitt flóknasta hugtak sem um getur og til eru margar og mismunandi skilgreiningar á hugtakinu en ekki er ætlunin að rekja þær allar hér. Þó má nefna sem dæmi að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) hefur skilgreint menningu í nokkra flokka: Menningararfur, bókmenntir og annað prentað efni, tónlist og sviðslistir, myndlist, kvikmyndagerð, ljósmyndun, útvarp, sjónvarp, félagsleg starfsemi, íþróttir og umhverfismál. Þættir er snúa að þessum flokkum, eins og framleiðsla, dreifing, neysla og þátttaka, flokkast einnig undir þessa skilgreiningu (UNESCO, 2006). Í riti frá Menntamálaráðuneytinu segir að hugtakið menning sé ekki einfalt og því vandmeðfarið þar sem skilgreining þess sé til dæmis mjög misjafnlega víðtæk og óljós (Menntamálaráðuneytið, 2010). Víðasta

skilgreining orðsins menning nær til alls mannlegs atferlis en með mjög þröngri skilgreiningu er menning list atvinnumannsins (Helgi Gestsson, 2004). Þannig er ljóst að mjög margir þættir flokkast undir hugtakið menning enda er til dæmis hin mannfræðilega skilgreining hugtaksins sú að í raun megi flokka öll mannanna verk undir menningu (Bjarki Valtýsson, 2011).

Almennt er talið að ekki sé auðvelt að meta til fjár ýmsa starfsemi innan menningargeirans svo sem tónlistarmenntun en að hún auðgi hins vegar samfélagið og því leggi opinberir aðilar fram opinbert fé til stuðnings alls kyns menningarstarfsemi sem ekki getur staðið undir eigin rekstri á markaðsforsendum (Ágúst Einarsson, 2011). Þannig eru opinberir aðilar eins og sveitastjórnir yfirleitt meðvitaðir um félagslegt mikilvægi menningar eins og tónlistar í lífi fólks og ábyrgð sína í þeim málum (Throsby, 2010).

Flestir opinberir aðilar svo sem sveitarstjórnir reka einhvers konar menningarstefnu þótt hún sé ef til vill ekki til skrifleg. Þetta á jafnt við um í dreifbýli sem þéttbýli en það má ganga út frá því sem vísu að þessir aðilar fari út í að móta menningarstefnu af því að slík stefna er á einn eða annan hátt talin hafa jákvæð áhrif fyrir viðkomandi aðila og samfélag. Mulcahy (2006) telur að menningarstefna sem skilgreind sé sem þáttur í menningu almennings í víðum skilningi, sé líklegri til að sýna fram á réttlætingu á stuðningi frá opinberum aðilum. Það er stefna sem inniheldur auk lista og menningararfs, hugvísindi, sögulega arfleifð og listkennslu, svo sem tónlistarkennslu. Slík stefna ýti undir jákvæðari sjálfsmynd einstaklinga og tilfinningu fyrir samfélagslegu samhengi, ásamt því að efla alla listræna sköpun og fagurfræðilega umræðu í samfélaginu (Mulcahy, 2006).

Það þarf að hafa ýmislegt í huga þegar hugað er hlutverki tónlistar í samfélögum. David Looseley fjallar um hugmyndir Hennion í grein sinni Antoine Hennion and the Sociology of Music (2006). Þar kemur fram að Hennion leggi áherslu á að menningarstefna eigi að viðurkenna allar tegundir tónlistar án þess að dæma tónlist í „æðri“ eða „lægri“ tónlist. Í staðinn eigi að horfa til þess hvað tónlist gerir og hvernig hún er notuð (Looseley, 2006).

2.1.6 Habitus

Margir álíta að félagslegur uppruni hafi mikið að segja um smekk fólks fyrir alls kyns menningu, svo sem bókmenntum, íþróttum, tónlist og tónlistarmenntun. Þannig virðist menning samfélaga eða ákveðinna svæða oft á tíðum ráða miklu um hvernig til dæmis samfélagsleg vandamál eru skilgreind. Menning getur verið skilgreind sem sameiginleg afurð samfélags, það er annars vegar samfélag sem samanstendur af ákveðnum gildum, hvað sé rétt og hvað rangt og hins vegar af venjum, það er hvernig við högum okkur frá degi til dags. Einnig þarf að taka tillit til þátta svo sem glímu hvers einstaklings við að ná settum markmiðum eða hreinlega hvernig einstaklingar leysa þau viðfangsefni sem þarf að fást við í daglegu lífi. Arfur einstaklinga fer þó mikið eftir því hvernig félagsleg staða þeirra er í samfélaginu. Menning getur verið efnisleg og þá um leið áþreifanleg, til dæmis fatnaður og áhöld eða óáþreifanleg eins og hugmyndir og ásættanleg hegðun. Þannig lýsir menningarafurð í raun hegðun sem hópur af fólki hefur sem verkefni og er skynsamleg út frá þeirra reynslu (Flora, o.fl., 1992).

Franski fræðimaðurinn Pierre Bourdieu (1930 - 2002) setti fram hugtakið *habitus* en það vísar meðal annars til ómeðvitaðrar formgerðar sem er af félagslegum

uppruna. Einstaklingar tileinka sér þá menningu sem þeir alast upp við og þróa þannig sinn *habitus* í gegnum þau lífsskilyrði sem þeir alast upp við í sínu samfélagi. Því hefur fólk sem elst upp í svipuðum samfélögum svipaðan *habitus*. *Habitus* er þó ekki óbreytanlegur heldur getur hann breyst ef einstaklingur til dæmis skiptir um umhverfi (Davíð Kristinsson, 2007; Bourdieu, 1986). Samkvæmt þessu þá er líklegt að sú tónlist sem einstaklingur elst upp við að hlusta á hafi mikil áhrif á tónlistarsmekk hans í framtíðinni þótt breytt umhverfi geti kallað á ný viðhorf.

Lífsstíll fólks er liður í því að viðhalda stéttaskiptingu samkvæmt kenningum Bourdieu þar sem tilgangurinn verður ekki aðalatriðið heldur formið. Þú borðar ekki endilega til að verða saddur eins og alþýða manna gerir heldur er útlitið og borðsiðirnir mikilvægari. Hann heldur því einnig fram að það sé munur á því eftir stéttum hvernig þú til dæmis metur listir. Alþýðufólk horfi á nytsemi lista eins og til dæmis tónlistar, það vill geta á einhvern hátt samsamað sig tónlistinni á meðan menntamenn njóti tónlistar, tónlistarinnar vegna (Davíð Kristinsson, 2007; Bourdieu, 1986). Þannig má ætla að dægurtónlist eigi greiðari leið að hjörtum almennings.

Í rannsókn Rodriguez og Blanco (2000) koma svipaðir hlutir í ljós það er að um stéttbundin mun sé að ræða þegar athugað er hvort fólk hlusti frekar á klassíska tónlist annars vegar eða dægurtónlist hins vegar. Hvers konar tónlist fólk hlustar á virðist fara eftir ýmsum þáttum en þó er ljóst að menntun eykur áhuga og hlustun fólks almennt á alls kyns tegundir tónlistar. Hins vegar eru ákveðnir þættir sem hafa þau áhrif að áhugi fólks beinist meira að klassískri tónlist en dægurtónlist. Það eru þættir eins og menningarlegt umhverfi, bakgrunnur til dæmis aukin skólaganga, tekjur og stéttarstaða. Allt hefur þetta mikil áhrif á smekk fólks varðandi það á hvers konar

tónlist það hlustar. Einnig eru vísbendingar um að hlustun fólks á tónlist, hvort sem um er að ræða klassíska tónlist eða dægurtónlist, sé meiri í þéttbýli en í dreifbýli. Vissulega er áhugi einnig þar til staðar en sá áhugi er meiri fyrir dægurtónlist (Rodriguez og Blanco, 2000).

Samkvæmt kenningum Bourdieu er *habitus* hvers og eins mótaður af reynslu hvers einstaklings. Þar skipti það umhverfi sem hann elst upp í miklu máli og hefur auk þess mótandi áhrif á menningarlega sýn hans en hann öðlast þroska meðal annars í gegnum athafnir, tilraunir og reynslu sem til dæmis kemur í gegnum tónlistarmenntun og tónlistariðkun. Einnig er mikið samband milli þátta eins og stéttar, stöðu í samfélaginu og valds. Bourdieu telur að menning sé skynjun, upplifun tilfinninga og að hún sé eitthvað sem einstaklingar stunda, gera (Lizardo, 2011). Auk þess telur Bourdieu (2007) að menntunarstig hafi mjög mikið að segja um allt menningarlegt atferli fólks. Eftir því sem fólk auki við menntun sína, þeim mun líklegra sé það til að sækja ýmis konar listviðburði hvort sem er tónleika, söfn, myndlist eða leikhús. Hann álitur að allar menningarþarfir fólks séu afsprengi menntunar og uppeldis þess og að þar skipti félagslegur uppruni einstaklinga miklu máli, það er hver félagsleg staða fólks er í samfélaginu. Hann segir að það komi mjög skýrt fram í lífstíl einstaklinga hvaða stétt viðkomandi einstaklingur tilheyrir. Smekkur er stéttvísir og ber þannig með sér hver félagsleg staða einstaklinga er í samfélaginu. „Smekkurinn flokkar, ekki síst þann sem flokkar.“ (Bourdieu, 2007, bls. 41).

Eins og áður hefur komið fram er ýmislegt sem bendir til þess að menningarneysla einstaklinga eins og að sækja tónleika sé bundin félagslegri stöðu þeirra. Bourdieu hefur til dæmis bent á að mikil tengsl séu milli menningarauðs,

félagslegrar útilokunnar og mikilvægis þess að menntastefna og menning fari saman til að hægt sé að berjast gegn félagslegri útskúfun einstaklinga. Hann álitur að um mikinn stéttbundinn mun á menningarneyslu sé að ræða hjá einstaklingum og samfélögum en fólk geti hins vegar aukið menningarauð sinn með virkri þátttöku í menningu svo sem að fara á tónleika, í leikhús og að lesa (Bennett og Savage, 2004). Það er því mikilvægt að í hverju samfélagi standi einstaklingum til boða ýmis menningarstarfsemi eins og til dæmis tónlistarmenntun, svo þeir geti orðið virkir þátttakendur og áheyrendur í tónlistarlífinu.

Ekki eru allir sammála þessu og til dæmis hafa Bennett og Silva (2006) sett fram gagnrýni á kenningar Bourdieu um áhrif stéttaskiptingar á menningarauð einstaklinga. Bennett og Silva segja að ekki megi einblína um of á stéttaskiptingu heldur þurfi að nýta sér margar gerðir menningarlegra hluta til að auka menningarauð sinn. Rannsóknir þeirra á menningarneyslu benda til þess að hún sé sterklega tengd félagslegum stofnunum og félagslegum tengslum einstaklinga og hópa (Bennett og Silva, 2006). Í svipaðan streng tekur Hennion (2003) en hann gagnrýnir þær kenningar sem segja að smekkur fólks stjórnist af félagslegri stöðu einstaklinga. Hann heldur því fram að tilfinningar fólks stjórni mikið frekar smekk einstaklinga. Hann telur að einstaklingar séu þátttakendur, bæði sem flytjendur tónlistar og einnig sem neytendur hennar af mismunandi ástæðum. Það getur verið af ást, ástríðu, vana eða því að tilheyra einhverjum hópi. Við spilum tónlist af því okkur fellur hún í geð og hún fær okkur til að líða vel. Hann segir að með tilkomu til dæmis hljómplatna, útvarps og geisladiska hafi aðgengi almennings að allri tegund tónlistar aukist mikið. Þannig hafa skapast miklu fleiri tækifæri til að njóta til dæmis klassískrar tónlistar í dag, óháð því

hver staða þeirra er í samfélaginu. Áður fyrr var það meira á færi yfirstéttarinnar þar sem það var hún sem sótti tónleika. Með þessu aukna aðgengi þá stjórnar fólk því sjálft á hvað það hlustar og hvenær (Hennion, 2003). Þannig hefur allt framboð og aðgengi að tónlist aukist mikið til dæmis með auknum fjölda tónlistarhátíða, tónleika sem sendir eru út í útvarpi og sjónvarpi, tónlistarnámskeiða, útvarpstöðva sem leika einungis klassíska tónlist og síðast en ekki síst mikils framboðs af geisladiskum með alls kyns tónlist. Allt hefur þetta áhrif á lífsmáta einstaklinga og hvert þeir sækja sína tónlistarlegu upplifun og fyrirmyndir (Hennion, 1997).

Flora o.fl., (1992) hafa skoðað ýmis vandamál sem geta komið upp í samfélögum, sérstaklega í dreifbýli og rannsakað hvernig einstaklingar í smærri samfélögum sameinast gjarnan um lausnir á þeim. Niðurstöður þeirra eru mjög í anda kenninga Bourdieu um að mismunandi þættir samfélagsins svo sem efnahagslíf, menning, þjóðerni, auðlindir, alþjóðavæðing og stéttaskipting séu allt þættir sem hafi mikil áhrif á stöðu einstaklinga í samfélaginu. Þessar rannsóknir hafa meðal annars leitt í ljós að til dæmis tónlistararfur fólks fer mikið eftir félagslegri stöðu þess í samfélaginu og hvatning foreldra til menntunar fer eftir þjóðfélagsstöðu þar sem þeir efnameiri fjárfesti frekar í menntun svo sem tónlistarmenntun barna sinna en þeir efnaminni. Þættir eins og menntunarstig, aldur og kyn eru allt þættir sem hafa mikil áhrif á hvers konar efnahagslega starfsemi er hægt að reka í samfélögum þar sem menning eins og til dæmis tónlistarmenntun og tónlistariðkun einstaklinga er sameiginleg afurð samfélagsins. Það má segja að fólk í dreifbýli haldi samstöðu sinni í gegnum menningu þar sem sömu gildi, skoðanir og markmið ríkja (Flora, o.fl., 1992).

2.1.7 Auðmagn

Bourdieu (1986) fjallar um mismunandi tegundir auðmagns og að hver og einn einstaklingur reyni að verða sér úti um sem mest af því auðmagni sem kemur honum best í lífinu, auk þess sem það staðsetur viðkomandi í samfélaginu. Hann flokkar tegundir auðmagns í fjóra flokka. Í fyrsta lagi í efnahagslegt auðmagn, svo sem fjármagn og eignir. Í öðru lagi í félagslegt auðmagn sem meðal annars byggir á samböndum og tengslaneti, að þekkja rétta fólkið sem getur hjálpað einstaklingum áfram til að ná þeim markmiðum sem þeir stefna að. Í þriðja lagi í táknrænan auð eins og virðingu og frægð og í fjórða lagi í menningarauð, svo sem menntun og hæfni. Þessi svið tengjast þar sem menningarlegu og félagslegu auðmagni er hægt að umbreyta í efnahagslegt auðmagn. Aukin menntun færir einstaklingum ef til vill betur launuð störf og gott tengslanet getur veitt aðgang að nýjum tækifærum sem annars hefðu ekki staðið til boða (Davíð Kristinsson, 2007; Bourdieu, 1986). Þannig er mikilvægt að góð tónlistarmenntun standi einstaklingum til boða svo þeir geti aukið kunnáttu sína og þroskað hæfileika sína, bæði þeim og samfélaginu til góða þó ekki sé endilega alltaf auðvelt að meta virði tónlistarstarfsemi fyrir samfélagið.

Hagfræðin skilgreinir virði vöru og þjónustu með því að setja verð á hana sem svo neytendur greiða, telji þeir sig hafa not fyrir hana. Þetta er hins vegar oft flóknara þegar fjallað er um virði menningar, eins og tónlistarstarfsemi af ýmsum toga, en þar koma inn í myndina fleiri þættir eins og til dæmis upplifun einstaklingsins sem er erfitt að meta til fjár (Ágúst Einarsson, 2011). Sameiginleg menning þjóðar, sjálfsmynd, hver við erum, er erfitt að verðmeta. Menningarverðmæti, til dæmis listaverka, getur farið eftir mörgum þáttum eins og fagurfræðilegum, trúarlegum og sögulegum

(Throsby, 2010). Menningarleg verðmæti, til dæmis tónverks, eru því oft önnur en efnahagsleg verðmæti en eru þó ekki óskyld. Efnislegir hlutir eins og til dæmis byggingar eða málverk hafa út af fyrir sig efnahagslegt gildi. Ef við það bætist menningarlegt gildi þá er líklegt að efnahagslegt virði eignarinnar aukist en óefnislegar menningarafurðir eins og tungumál, skoðanir og hefðir hafa hins vegar ekki efnahagslegt gildi þar sem ekki er hægt að flokka þær sem eign á lager (Throsby, 1999). Þetta leiðir af sér að ekki má meta þætti eins og tónlistariðkun eða tónlistarnám einungis út frá efnislegum þáttum heldur verður einnig að taka tillit til menningarlegra þátta þar sem gjarnan þarf að beita huglægu mati.

Eins og áður segir má meðal annars flokka menningu eins og tónlistarstarf, hvort sem er tónlistarmenntun eða tónlistariðkun, sem sameiginlega afurð samfélags sem samanstendur af gildum og venjum. Margir álíta að arfur og þar með talinn menningarauður fólks fari eftir félagslegri stöðu þess í samfélaginu. Þó má segja að menningarstafsemi, eins og tónlistarstarfsemi, geti verið mjög mismunandi eftir stöðum í dreifbýlinu. Á sumum smærri stöðum getur verið um frekar einsleita starfsemi að ræða en annars staðar er menningarstarfsemin fjölbreytt, rétt eins og á stærri stöðum (Flora, o.fl., 1992). Öll okkar saga um þróun mannsins frá upphafi og athafnir hans er menningarsaga. Því er menning skoðun hvers og eins á sjálfum sér og stöðu sinni í samfélaginu. Þannig er menning samfélaga og einstaklinga saga listsköpunar, tækni, hugsjóna og baráttu (Hans Kristján Árnason, 1994/1999). Þarna er tónlistarmenning engin undantekning heldur einn liður í þessu stóra samhengi hlutanna.

Eins og áður hefur komið fram þá fer hvatning foreldra til menntunar, þar með talið tónlistarmenntunar, gjarnan eftir þjóðfélagsstöðu þeirra þar sem þeir efnameiri fjárfesta frekar í menntun barna sinna en þeir efnaminni sem sjá oft ekki samband milli aukinnar menntunar annars vegar og bættrar framtíðar hins vegar ((Flora, o.fl., 1992). Sú færni sem hver einstaklingur tileinkar sér sem þátttakandi í samfélaginu er samspil milli trúarbragða, lista, þekkingar og viðmiða. Fólk þarf að bjarga sér á mismunandi hátt, allt eftir því í hvernig umhverfi það elst upp í, segir breski mannfræðingurinn Edward Taylor (Garðar Gíslason, 1997). Aftur á móti segir Trompenaars að menning snúist um skynsemi, hvernig þú túlkar það sem er í kringum þig, mismunandi túlkun á viðmiðunum og gildum (Harzing og Ruysseveldt, 2004).

3 Aðferðafræði rannsókna

Í þessum kafla verður greint frá þeim rannsóknaraðferðum sem notaðar voru í rannsókninni, hvernig þátttakendur voru valdir og hvernig öflun gagna átti sér stað. Einnig er hér fjallað um kosti og galla þessarar rannsóknaraðferðar.

3.1 Þátttakendur rannsókna og úrtak

Þýði (e. population) er skilgreindur hópur einstaklinga en úrtak (e. sample) er sá fjöldi einstaklinga sem valinn er úr þýðinu. Úrtakið getur verið allt þýðið ef þýðið er lítið eða ákveðinn fjöldi úr því ef um stórt þýði er að ræða (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2003).

Þýðið sem rannsóknin byggir á eru einstaklingar sem komið hafa beint að tónlistarmálum á Norðfirði á síðustu öld. Þarna er átt við þátttakendur í Lúðrasveit Neskaupstaðar, einstaklinga sem fengist hafa við tónlistarkennslu á staðnum og Norðfirðinga sem eru eða hafa verið tónlistarkennarar/tónlistarflytjendur að atvinnu. Þessir hópar munu skarast þar sem töluvert er af sömu einstaklingunum í þessum hópum.

Úrtakið var valið af rannsakanda úr þýðinu og því er hér um markmiðsúrtak (e. purposive sample) að ræða þar sem rannsakandi horfði til þess að viðmælendur gætu gefið sem besta mynd af viðfangsefninu og þeir því valdir með tilliti til rannsóknarmarkmiða (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2003). Hafa ber í huga að þýðið var ekki mjög stórt svo ætla má að úrtakið sé töluvert stór hluti þess. Viðmælendur koma fram undir dulnefni í rannsókninni.

Ástæða fyrir þessu vali var sú að þarna náðist til margra þeirra núlifandi einstaklinga sem hvað mest hafa látið sig tónlistarmál á Norðfirði varða. Einnig til þeirra sem hafa notið tónlistarmenntunar á staðnum og í framhaldi af því farið í áframhaldandi tónlistarnám annars staðar. Allir viðmælendur eru sem sagt tengdir tónlistarlífinu á staðnum á einhverjum tímapunkti og því ekki útilokað að viðhorf þeirra geti verið eitthvað litað af því. Rannsakandi þarf að líta til þess þegar niðurstöður rannsóknarinnar eru settar fram.

Alls voru viðmælendur tíu talsins, þrjár konur og sjö karlar. Fimm viðmælanda eru fæddir á árunum 1939 - 1956 og aðrir fimm eru fæddir á árunum 1963 - 1976. Ójafnt hlutfall kynjanna má útskýra með því að karlar eru í miklum meirihluta þeirra einstaklinga sem starfað hafa við tónlistarkennslu á Norðfirði og einnig þeirra Norðfirðinga sem hafa lokið einhvers konar framhaldsnámi í tónlist.

Níu af þessum viðmælendum eru fæddir og uppaldir Norðfirðingar en einn viðmælandi er hins vegar ekki Norðfirðingur en hefur starfað þar við tónlistarkennslu. Níu viðmælendur hafa eða hafa haft aðalvatvinnu af tónlist, það er tónlistarflutningi og tónlistarkennslu á Norðfirði en einnig annars staðar, bæði á Íslandi og í öðrum löndum.

3.2 Hönnun á rannsókn – val á aðferðum

Rannsakandi er tónlistarmaður og hefur ávallt haft mikinn áhuga á tónlist og tónlistarfræðslu og því lá það nokkuð beint við að velja viðfangsefni tengt tónlist í þessa rannsókn. Í framhaldi af því ákvað rannsakandi að rannsaka þróun og áhrif tónlistarmenntunar á tónlistarlíf í Norðfirði á síðustu öld.

Þegar skoðaðar eru þær heimildir sem til eru um tónlistarlíf á Norðfirði þá sést að það hefur verið skrifað ýmislegt um tónlistarmenningu á staðnum en þar er mest

verið að rekja söguna. Rannsakanda langaði því að fylla upp í eyðurnar og skoða til dæmis hvernig tónlistarmenntun hafi verið háttáð á Norðfirði og hversu stóran þátt hún hafi átt í að efla tónlistarlífið á staðnum. Markmiðið var að ná í fróðleik sem ekki er til á prenti og því lá beint við að afla nýrra gagna með því að taka viðtöl. Rannsakandi byggir því rannsókn sína á þeim heimildum sem til eru og þeim einstaklingsviðtölum sem tekin voru, til að fá skarpari sýn á viðfangsefnið.

Rannsóknin grundvallast á eigindlegri aðferðarfræði þar sem höfundur telur að hún þjóni best fyrirbyggjandi efnistöfum og markmiðum. Sigurlína Davíðsdóttir segir að eigindleg aðferðarfræði byggir meðal annars á kenningum um að veruleikinn sé félagslega skapaður og því sé gott að rannsaka upplifun þátttakenda rannsóknarinnar á honum (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Það er hentugt að nota eigindlegar aðferðir til að „fókusera“ á viðhorf og túlkun einstaklinga á aðstæðum og umhverfi. Eigindlegar aðferðir henta líka vel ef ekki hafa verið gerðar miklar rannsóknir eða kenningar settar fram um viðfangsefnið áður (Creswell, 2009). Einnig er gott að nota eigindlega aðferðarfræði til að fylla upp í eyður í sögulegri ritun, öðlast betri skilning á viðfangsefninu og skapa nýja hugsun (Creswell, 2007).

3.3 Lýsing á rannsóknaraðferðum – kostir og gallar

Eins og áður segir þá er þessi rannsókn með eigindlegu rannsóknarsniði þar sem gagnaöflun byggir á óstöðluðum viðtölum sem hafa þann tilgang að lýsa og draga fram upplifun af sameiginlegum reynsluheimi fólks. Í óstöðluðum viðtölum er umræðuefnið þó í meginatriðum fyrir fram ákveðið og viss rammi settur um það (sjá viðauka I). Mikilvægt er að hefja viðtalið með opinni spurningu og dýpka svo umræðuefnið er á líður. Óstaðlað viðtal á að vera opið og rannsakandi á að vera eins lítið stýrandi og

hægt er en þó gæta þess að umræðuefnið sé um viðfangsefni rannsóknarinnar. Einnig er mikilvægt að rannsakandi beiti virkri hlustun og sýni hlýju og einlægni í samskiptum við viðmælendur sína (Helga Jónsdóttir, 2003).

Þar sem rannsakandi veit ekki til þess að sambærileg rannsókn hafi verið gerð á Íslandi áður er hentugt að styðjast við aðleidda nálgun (e. induction) í rannsókninni þar sem nýjar hugmyndir og kenningar eru dregnar upp úr gögnunum. Það er að nota svokallaða félagslega mótunarkenningu (e. social constructivist worldview) þar sem reynsla, skilningur og viðhorf einstaklingsins á viðfangsefninu eru skoðuð (Creswell, 2007).

Kostir eigindlegra rannsókna eru meðal annars þeir að hægt er að fara betur ofan í saumana á rannsóknarefninu og þannig eru hlutirnir skoðaðir ofan í kjölinn (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Eins og fram hefur komið eru tengsl rannsakanda við viðfangsefnið nokkur en persónuleg tengsl rannsakanda geta verið bæði kostur og galli; kostur þar sem hann hefur betri þekkingu á viðfangsefninu en það getur líka gert hann hlutdrægan og sljövgað dómgreind hans (Creswell, 2009). Rannsakandi þarf sem sagt að varast að hafa áhrif á rannsóknina með leiðandi spurningum sem leiða að fyrir fram ákveðnum niðurstöðum.

3.4 Öflun gagna, aðgengi að gögnum og greining gagna

Notaðar eru þær rituðu heimildir sem gefnar hafa verið út á prenti um tónlistarlíf á Norðfirði. Þar má nefna æviminningar einstaklinga, kafla í bókum og ýmsar greinar sem finna má á veraldarvefnum en þar hefur rannsakandi fundið fjölda greina á vefnum tímarit.is. Einnig hefur rannsakandi notað heimildir frá Héraðsskjalasafni

Neskaupstaðar og Þjóðarbókhöfuð. Annarra rannsóknargagna var svo aflað með því að taka viðtöl við tíu einstaklinga. Í upphafi ferilsins var haft samband símleiðis við væntanlega viðmælendur, þeir fræddir um tilgang og markmið verkefnisins. Í framhaldi af því var kannaður vilji þeirra til þátttöku og voru þeir allir tilbúnir til að veita viðtal. Viðmælendur réðu því hvar viðtölin voru tekin en af þeim tíu viðtölum sem rannsakandi tók fóru fimm fram á vinnustað viðmælanda, þrjú á heimili viðmælanda, eitt á heimili rannsakanda og eitt í húsnaði eldri borgara í Neskaupstað. Viðtölin voru tekin frá 7. nóvember 2011 til 30. nóvember 2012. Í upphafi hvers viðtals tók rannsakandi fram að um trúnaðarsamtal væri að ræða og að viðmælandi kæmi fram undir dulnefni í rannsókninni. Einnig lagði rannsakandi fram kynningarbréf/eyðublað fyrir samþykki viðtals (sjá viðauka II) þar sem viðmælanda gafst tækifæri á að lesa sér til um tilgang og markmið rannsóknarinnar, auk þess sem hann ásamt rannsakanda undirritaði samkomulag þess efnis að viðtalið mætti hljóðrita. Það er gert svo ekki fari á milli mála að rétt sé eftir honum haft og að nota megji niðurstöður þess í rannsóknina. Rannsakandi hafði einn aðgang að hljóðritunum og var þeim eytt í lok vinnuferlisins.

Eftir að viðtölin höfðu verið rituð upp og þau lesin ítarlega yfir voru þau þemagreind. Það felur í sér að finna sambærileg dæmi úr gögnunum, safna þeim saman og draga þannig fram þær upplýsingar sem tengjast rannsóknarspurningunum til frekari úrvinnslu. Þar eru til dæmis þau atriði sem koma ítrekað fyrir í öllum viðtölunum, þau sett saman í þemu og í framhaldi af því þróuð heildarmynd af reynslu og viðhorfi allra viðmælanda (Strauss og Corbin, 1990; Sigríður Halldórsdóttir, 2003). Við samanburð og greiningu gagnanna koma einnig fram eiginleikar þeirra (þar sem til

dæmis textanum er umbreytt yfir í hugtök) sem svo má bera saman við þau fræði sem rannsóknin byggir á (Strauss og Corbin, 1998). Þannig voru þau þemu sem rannsakandi greindi borin saman við þær rannsóknir og kenningar sem fræðilegur bakgrunnur þessarar rannsóknar grundvallast á.

3.5 Réttmæti og áreiðanleiki rannsókna

Niðurstöður rannsóknarinnar byggja á þeim gögnum sem lágu fyrir að lokinni rannsóknarvinnunni. Til viðbótar við þær rituðu heimildir sem þegar voru til, koma niðurstöður úr þeim viðtölum sem tekin voru en þær byggja þó alltaf á túlkun og framsetningu rannsakandans.

Huga þarf að ýmsu til að tryggja sem mest réttmæti rannsókna af þessu tagi. Hjá Creswell kemur fram að til að ná sem mestu réttmæti í rannsókn sé nauðsynlegt að reyna að ná fram mettun gagna, það er að taka viðtöl þangað til það sama komi fram aftur og aftur (Creswell, 2007). Rannsakandi þarf meðal annars að gera grein fyrir eigin reynslu og bakgrunni, reyna að hafa gögn bæði ítarleg og tæmandi. Einnig er mikilvægt að þátttakendur staðfesti skilning rannsakanda á því sem kom fram í viðtölunum (Helga Jónsdóttir, 2003). Til þessara atriða horfði rannsakandi meðal annars til að tryggja sem mest réttmæti og áreiðanleika í rannsókn sinni og einnig til að lágmarka hlutdrægni eins og kostur er með því að reyna að ýta til hliðar fyrir fram gefnum skoðunum sínum á viðfangsefninu.

3.6 Staða rannsakanda innan rannsókna og siðferðileg álitamál

Hafa ber í huga að rannsakandi er fæddur og uppalinn á Norðfirði þó hann hafi ekki haft búsetu þar frá 17 ára aldri. Rannsakandi er menntaður tónlistarmaður og

tónlistarkennari og hefur allan sinn starfsaldur starfað við tónlist, meðal annars oft farið austur og tekið þátt í alls kyns tónlistarflutningi á Norðfirði. Rannsakandi er því nokkuð tengdur því viðfangsefni sem til umfjöllunar er. Vonandi geta þó tengsl og þekking hans á viðfangsefninu orðið rannsókninni frekar til framdráttar en hitt, en um leið þarf hann sérstaklega að vera gagnrýninn í hugsun og meðvitaður um að gæta hlutlareysis.

Það er mikilvægt að þátttakendur séu vel upplýstir um markmið rannsóknarinnar og gefi upplýst samþykki. Rannsakandi þarft að njóta trausts og má ekki valda þátttakendum neinum skaða og verður að halda trúnað við þá (Creswell, 2009). Þátttakandi þarf að vita í hverju þátttaka hans í rannsókninni felst og hvernig þær upplýsingar sem hann gefur verði notaðar. Auk þess er honum gert ljóst að hann megi hvenær sem er draga sig út úr rannsókninni (Sigurður Kristinsson, 2003).

Eins og áður segir þá hófst hvert viðtal ekki fyrr en gengið hafði verið frá undirrituðu samkomulagi milli rannsakanda og viðmælanda þar sem rannsakandi meðal annars kynnti sig og tilgang rannsóknarinnar, í hverju þátttakan fælist og hvenær henni lyki.

4 Tónlistarmenntun og tónlistarlíf á Norðfirði

Hér verður fjallað um tónlistarlíf og tónlistarmenntun á Norðfirði frá byrjun 20. aldar og gerð grein fyrir innihaldi þeirra rannsókna/skrifa sem til eru um þróun þeirra mála. Sérstök áhersla er lögð á starfsemi Lúðrasveitar Neskaupstaðar og Tónlistarskóla Neskaupstaðar, síðar Tónskóla Neskaupstaðar.

4.1 Saga og bakgrunnur

Þær heimildir sem til eru um tónlistarmenntun og tónlistarlíf á Norðfirði byggja mest á lýsingum nokkurra einstaklinga á tónlistarmálum í sveitarfélaginu þar sem þeir segja frá upplifun sinni og annarra á tónlistarlífinu á staðnum. Þær heimildir sem ég styðst við hér eru aðallega fimm. Í fyrsta lagi minningar Guðjóns Símonarsonar (1867 - 1962) sem komu út í bókinni *Stormur strýkur vanga* (1992) skráðar af Ólafi Hauki Símonarsyni. Þar segir Guðjón meðal annars frá þátttöku sinni í tónlistarlífinu á Norðfirði á fyrri hluta 20. aldar. Í öðru lagi grein sem birtist í vikublaðinu *Austurlandi* eftir Magnús Guðmundsson (1923 - 2000) sem heitir *Brot úr tónlistarsögu Norðfirðinga* (1955) en greinin er rituð í tilefni af tíu ára afmæli Samkórs Neskaupstaðar sem Magnús stjórnaði á þeim tíma sjálfur. Þar segir hann frá ýmsu úr tónlistarsögu staðarins frá upphafi 20. aldar til ársins 1955. Í þriðja lagi grein Birgis D. Sveinssonar (1939 -), *Skært lúðrar hljóma* (1984) þar sem Birgir fjallar um Lúðrasveit Neskaupstaðar sem hann var meðal annars sjálfur meðlimur í. Í fjórða lagi *Norðfjarðarsaga* (2009) Smára Geirssonar en hún spannar sögu Norðfjarðar á árunum 1895 til 1929 en þar kemur meðal annars fyrir sér kafli um tónlist og söng. Þar vísar Smári reyndar töluvert í ofangreindar heimildir en einnig í aðrar ritaðar heimildir, skjöl

og viðtöl sem hann hefur sjálfur tekið. Í fimmta lagi er það *Afmælisfréttabréf Tónskóla Neskaupstaðar* (2006) sem einnig er ritað af Smára Geirssyni þar sem hann rekur sögu skólans frá stofnun hans árið 1956 til ársins 2006.

Í næstu köflum verður gerð gleggri grein fyrir því sem fram kemur í þeim heimildum sem hér eru taldar upp að framan og fjalla um tónlistarmál á Norðfirði, auk heimilda sem rannsakandi hefur aflað sér af netinu gegnum vefinn tímarit.is og eins frá Héraðsskjalasafni Neskaupstaðar og Þjóðarbókhöfðu.

4.1.2 Tónlistarlíf á Norðfirði á fyrri hluta 20. aldar

Það virðist sem sönglíf hafi verið nokkuð fjölskrúðugt fram eftir 20. öldinni á Norðfirði og strax upp úr aldamótum er talað um söngkennslu í tengslum við almennt skólahlald á Norðfirði. Þar hafi Högni Sigurðsson kennari kennt drengjum sínum söng og stofnað tvíradða kór (Magnús Guðmundsson, 1955). Einnig voru mörg félagasamtök með söng á sinni dagskrá eins og til dæmis Kvenfélag Norðfjarðar sem stóð fyrir söngkennslu árið 1907 fyrir félagskonur (Smári Geirsson, 2009). Að auki störfuðu ýmsir kórar um lengri og skemmri tíma á Norðfirði bæði karlakórar og blandaðir kórar (Magnús Guðmundsson 1955). Ekki má heldur gleyma kirkjunni en þar hefur söngur verið einn af burðarásum starfseminnar og kór verið starfandi allt frá árinu 1918 (Smári Geirsson, 2009).

Ólafur Haukur Símonarson gaf út bókina *Stormur strýkur vanga* (1992) þar sem ritaðar eru minningar afa hans, Guðjóns Símonarsonar. Þar segir Guðjón meðal annars frá afskiptum sínum af tónlist en hann kom töluvert við sögu tónlistarmála á Norðfirði fyrstu áratugi 20. aldar. Fram kemur að hann hafi sótt orgelnámskeið fyrir sunnan auk þess sem hann hafi eitthvað lagt stund á orgelleik í Mjóafirði. Einnig hafi hann skrifað

bréf á ýmsa staði, til dæmis til Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði til að fá bréflaga tilsögn í tónfræði. Guðjón hóf kennslu í orgelleik árið 1907 og var með sex nemendur þar á meðal Þórarinn Jónsson sem varð síðar þekkt tónskáld en Guðjón sinnti orgelkennslu af og til allt fram á þriðja áratuginn. Einnig þjálfaði hann um tíma kirkjukór og æfði af og til upp sönghópa (Ólafur Haukur Símonarson, 1992). Orgelum fjölgaði mikið á öðrum og þriðja áratug 20. aldarinnar á Norðfirði og þeir menn sem hvað mest komu að tónlistarlífinu í bænum áttu allir orgel. Auk Guðjóns voru það Valdimar Snævarr, Sigdór Brekkan, Helgi Pálsson og Ingi T. Lárusson (Smári Geirsson, 2009).

Ekki verður komist hjá því að nefna hér sérstaklega þátt tónlistarmannanna og tónskáldanna Helga Pálssonar og Inga T. Lárussonar í menningarlífi staðarins en þeir settu mikinn svip á tónlistarlíf í Neskaupstað á árunum 1921 til 1937. Helgi var organisti og kórstjóri bæði í kirkjunni og stjórnaði einnig eigin kór og Ingi starfaði sem organisti og kórstjóri um árabil auk þess að kenna bæði söng og hljóðfæraleik (Smári Geirsson, 2009).

4.1.3 Lúðrablástur

Guðjón Símonarson kom víðar við í tónlistarlífi Neskaupstaðar því á haustdögum árið 1918 hófu nokkrir menn í Neskaupstað æfingar á blásturshljóðfæri en frumkvæði af því höfðu þeir Páll G. Þormar og Guðjón sem höfðu einnig útvegað bæði hljóðfæri og nótur (Ólafur Haukur Símonarson, 1992; Magnús Guðmundsson, 1955). Guðjón segir í endurminningum sínum að hornaflokkurinn hafi æft af elju og starfað vel í mörg ár. Þeir hafi komið fram við ýmis tækifæri á Norðfirði og einnig stundum á öðrum stöðum til dæmis héldu þeir tónleika um jólin árið 1924 bæði á Norðfirði og Eskifirði (Ólafur

Haukur Símonarson, 1992). Svo virðist sem hornaflokkurinn hafi lagt niður starfsemi sína stuttu síðar (Smári Geirsson, 2009) og ekki verið um neina lúðrasveitarstarfsemi á Norðfirði að ræða fyrr en Lúðrasveit Neskaupstaðar var stofnuð í febrúar árið 1954 en þá hafði Ingvar Bjarnason prentari kennt um tíma þeim lúðrablásurum sem mynda áttu sveitina (Smári Geirsson, 2006). Fyrsti stjórnandi hennar og helsti leiðbeinandi blásaranna var Norðfirðingurinn Höskuldur Stefánsson. Lítið var til af hljóðfærum en eitthvað var þó til frá tímum hornaflokksins og einnig tókst að safna saman hljóðfærum frá næstu fjörðum. Í tengslum við 25 ára afmæli kaupstaðarins 15. maí árið 1954 kom lúðrasveitin fyrst fram opinberlega (Birgir D. Sveinsson, 1984; Smári Geirsson, 2006). „Þriggja mánaða gömul Lúðrasveit Neskaupstaðar kom einnig fram þarna undir stjórn Höskuldar Stefánssonar og var vel fagnað.“ (Fólkið heldur hátíð, 1954, bls. 3). Segja má að með tilkomu Haraldar Guðmundssonar til bæjarins hafi færst mikið líf í sveitina og hún orðið ómissandi þáttur í menningarlífi bæjarins (Birgir D. Sveinsson, 1984; Smári Geirsson, 2006). Þess má geta hér að lúðrasveitir fengu styrki fyrir starfsemi sína frá ríkinu á þessum tíma. Til dæmis voru fimm lúðrasveitir komnar inn á fjárlög ríkisins fyrir árið 1954, sem samþykkt voru 24. desember ári áður. Þetta voru Lúðrasveit Reykjavíkur, Akureyrar, Vestmannaeyja, Hafnafjarðar og Stykkishólms. Á fjárlögum fyrir árið 1955 sem samþykkt voru 27. desember árið 1954 voru svo komnar þrjár lúðrasveitir til viðbótar: Lúðrasveit verkalýðsins, Lúðrasveit Ísafjarðar og Lúðrasveit Neskaupstaðar. Síðasta árið sem Lúðrasveit Neskaupstaðar var inni á fjárlögum ríkisins var fyrir fjárlög ársins 1965 sem samþykkt voru 31. desember árið 1964. Sú upphæð sem Lúðrasveit Neskaupstaðar fékk á fjárlögum ríkisins á árunum 1955 - 1965 nam mjög svipaðri upphæð og Tónlistarskóli

Neskaupstaðar fékk í sinn hlut á fjárlögum frá stofnun skólans og þar til lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla voru samþykkt á Alþingi árið 1963.

Sem merki um mikinn áhuga og kraft í uppbyggingu Lúðrasveitarinnar þá var Lúðrasveit Neskaupstaðar einn af stofnaðilum að Sambandi íslenskra lúðrasveita en þau samtök voru stofnuð 21. júní árið 1954. Níu lúðrasveitir stóðu að sambandinu í upphafi og var Haraldur Guðmundsson í fyrstu stjórn félagsins, þá sem stjórnandi Lúðrasveitar verkalýðsins. Markmið félagsins voru meðal annars að halda sameiginlega tónleika og „vinna að sameiginlegum hagsmunamálum lúðrasveitanna t.d. í sambandi við hljóðfæra- og nótnakaup.“ (Samband ísl. lúðrasveita stofnað, 1954, bls. 3).

Lúðrasveitin lék ekki einungis á Norðfirði heldur fór víða um en lék þó mest á Austurlandi. Það kemur til dæmis fram í grein sem Óskars Jónssonar ritar í vikublaðið *Austurland* árið 1989 og ber heitið: Tildrög að stofnun Lúðrasveitar Neskaupstaðar og tónlistarskóla í Neskaupstað, að lúðrasveitin hafi frá upphafi nánast á hverju ári ferðast um og haldið tónleika auk þess að spila víða við hin ýmsu tækifæri. Þannig hafi sveitin meðal annars aflað sér fjár og hafi því haft þokkaleg fjárrád (Óskar Jónsson, 1989). Lúðrasveitin fór víða um og vakti athygli fyrir góðan leik. Sem dæmi um það þá skrifar Steinn Stefánsson í *Austurland* um leik lúðrasveitarinnar á tónleikum á Seyðisfirði árið 1961: „Í miðþættinum lék lúðrasveitin ein og var öll hennar frammistaða þar sem annars staðar hin glæsilegasta.“ (Steinn Stefánsson, 1961, bls. 4). Einnig má lesa um góðan leik sveitarinnar á landsmóti Samtaka íslenskra lúðrasveita á Siglufirði árið 1968 í *Verkamanninum*: „Aftur á móti kom nú Lúðrasveit

Neskaupstaðar í fyrsta sinn til landsmóts og vakti athygli fyrir glæsilegan leik.“ (Landsmót ísl. lúðrasveita á Siglufirði, 1968, bls. 3).

Það má segja að Lúðrasveitin hafi verið hálfgerður tónlistarskóli í leiðinni því þar var boðið upp á nám á blásturshljóðfæri eins og sjá má í Tilkynningu frá sveitinni sem birtist í *Austurlandi* árið 1966 þar sem námskeið fyrir byrjendur er auglýst. Þar er þeim sem vilja verða meðlimir í sveitinni boðin hljóðfæri til afnota og fríir einkatímar. (Tilkynning frá Lúðrasveit Neskaupstaðar, 1966). Í *Austurlandi* árið 1968 er einnig sagt frá kennslu á vegum Lúðrasveitarinnar. Þar er verið að fjallað um fyrirhugaða tónleika sveitarinnar og um endurnýjun hennar á hljóðfærakosti sínum, auk þess að hún hafi gefið Gagnfræðaskólanum í Neskaupstað öll sín eldri hljóðfæri, „og er nú hafin kennsla á þau innan skólans og drengjalúðrasveit í uppsiglingu. Væntanlega fær lúðrasveitin einhverja umbun fyrir gjöf sína með ungum og upprennandi hljóðfæraleikurum.“ (Lúðrasveit Neskaupstaðar efnir til hljómleika, 1968, bls. 1-2).

Lúðrasveit Neskaupstaðar starfaði af fullum krafti til ársins 1969 en lagði endanlega niður starfsemi sína árið 1973 (Smári Geirsson, 2006). Um haustið árið 1974 var stofnuð Skólahljómsveit Neskaupstaðar í samstarfi við Nesskóla undir stjórn Haraldar Guðmundssonar og var hljómsveitin veigamikill þáttur í starfsemi Tónskólans og í menningarlífi bæjarins allt fram til ársins 2000. Þessi hljómsveit gat sér fljótt gott orð fyrir góða spilamennsku og hún hafði ekki starfað nema í tvö ár þegar hún hafði farið í tónleikaferð til Danmerkur og einnig komið fram í sjónvarpinu. Þetta var haustið 1976 (Neskaupstaður á 50 ára afmælinu, 1979; Skólahljómsveit Neskaupstaðar gerði víðreist, 1976; Smári Geirsson, 2006).

4.1.5 Tónlistarskólinn

Aðdraganda þess að Tónlistarskóli Neskaupstaðar var stofnaður má rekja til þess að nokkrir áhugamenn um eflingu tónlistarlífs í Neskaupstað blésu til fundar þann 12. september árið 1955. Á þessum fundi var Tónlistarfélag Neskaupstaðar stofnað og var eitt af markmiðum félagsins að koma á tónlistarkennslu í bænum. Í fundagerð kemur fram að 31 sátu fundinn og urðu þeir allir stofnfélagar. Á þessum fundi var einnig kosin þriggja manna bráðabirgðastjórn. Framhaldsstofnfundur var svo haldinn 25. október þar sem lög félagsins voru samþykkt og stjórn kosin. Á stjórnarfundum þann 30. október skipti stjórnin svo með sér verkum þannig að Magnús Guðmundsson varð formaður, Haraldur Guðmundsson ritari, gjaldkeri Davíð Áskelsson og meðstjórnendur þeir Óskar Jónsson og Höskuldur Stefánsson. Á þessum fundi var ræddur sá möguleiki að stofna tónlistarskóla í bænum en ekkert ákveðið í þeim efnum. Þó var samþykkt að „sækja um styrk til Alþingis sem svari sömu upphæð og önnur tónlistarfélag utan Reykjavíkur fá. Ennfremur bæjarstyrk að upphæð kr. 5000.“ (Tónlistarfélag í Neskaupstað, 1955 - 1957). Á fundi stjórnar þann 14. nóvember var svo ákveðið að kanna áhuga bæjarbúa á námi í hljóðfæraleik og senda bæjarbúum dreifibréf þar sem spurt væri um það hvort einhver á heimilinu vildi stunda slíkt nám og vildi borga fyrir það „allt að 200 kr. á mánuði fyrir tveggja stunda vikulega kennslu í hljóðfæraleik og kennslu í tónfræði og tónlistarsögu.“ (Tónlistarfélag í Neskaupstað, 1955 - 1957).

Óskar Jónsson segir svo frá að félagar úr Tónlistarfélaginu, hann og Haraldur Guðmundsson, hafi gengið á fund bæjarstjóra og borið undir hann hvernig best væri að standa að stofnun tónlistarskóla í bænum. Áður höfðu þeir fengið viljrði um stuðning frá bænum til þess verkefnis. Bæjastjóri „taldi að best væri að tónlistarfélagið í bænum

annaðist rekstur tónlistarskólans að forminu til því með því móti fengist styrkur frá ríkinu til starfseminnar. Hins vegar myndi bæjarfélagið í reynd bera alla fjárhagslega ábyrgð á stofnuninni og greiða allan stofn- og rekstrarkostnað að ríkisstyrknum og nemendagjöldum frátöldum.“ (Óskar Jónsson, 1989, bls. 13). Það varð svo úr árið 1955 að ákveðið var að stofna tónlistarskóla í samráði við bæjarfélagið og Tónlistarfélag Neskaupstaðar. Skólinn tók til starfa 1. október 1956 og var Jón Ásgeirsson tónskáld fyrsti skólastjóri hans. Þetta voru mikil tímamót í sögu tónlistarmenntunar í bæjarfélaginu (Smári Geirsson, 2006). Eins og áður hefur komið fram þá var skólinn þegar kominn með fjárframlag inn á fjárlög ríkisins fyrir árið 1956 sem samþykkt voru 1. febrúar það sama ár.

Skólinn starfaði hvert ár eftir stofnun þó segja megi að reglulegt skólahald hafi að miklu leyti legið niðri á árunum 1964 - 1967 en það sama ár var hins vegar samþykkt í bæjarstjórn Neskaupstaðar að stofna Tónskóla Neskaupstaðar, sem bærinn skyldi alfarið sjá um reksturinn á. Á fyrstu starfsárum skólans voru nokkrir einstaklingar sem sáu um stjórnun skólans en frá árinu 1970 hefur verið mikil stöðugleiki hvað stjórnun skólans varðar eða allt frá því að Haraldur Guðmundsson varð skólastjóri árið 1970 til ársins 1981. Þá tók heimamaðurinn Ágúst Ármann Þorláksson við og stjórnaði skólanum til ársins 2010 að frátöldu skólaárinu 1995 -1996 en þá var Egill Jónson, einnig heimamaður, skólastjóri (Smári Geirsson, 2006). Núverandi skólastjóri er áður nefndur Egill Jónsson.

Í *Afmælisfréttabréfi Tónskóla Neskaupstaðar* (2006) sem gefið var út í tilefni 50 ára afmælis Tónskólans segir Helga Jónsdóttir, þáverandi bæjarstjóri Fjarðarbyggðar, að tónlistarlíf sé eitt af undirstöðum í menningarlífi sveitarfélagsins og að þar hafi

Tónskóli Neskaupstaðar gegnt lykilhlutverki og verið kjölfesta í tónlistarlífi staðarins. Þar hafi verið lögð áhersla á allar tegundir tónlistar (Smári Geirsson, 2006).

Í áður nefndu afmælisbréfi eru taldir upp þeir fyrrverandi nemendur Tónskólans sem hafa starfað við tónlist, tónlistarkennslu og hljóðfæraleik og margir hverjir lokið framhaldsprófi í tónlist. Þeir aðilar sem þarna eru taldir upp eru 26 talsins, tuttugu og tveir karlar og fjórar konur. Einnig er þarna mynd af þeim kennurum sem störfuðu við skólann árið 1988 en þeir voru þá fimm talsins, allt Norðfirðingar og allt karlar (Smári Geirsson, 2006).

4.1.4 Áhrifavaldar

Eins og áður segir þá voru margir sem komu að tónlistarmálum á Norðfirði og eiga mikinn þátt í því að byggja upp tónlistarlíf og tónlistarmenntun á staðnum. Það er erfitt að eigna það örfáum mönnum þótt vissulega hafi ákveðnir aðilar staðið þar í framvarðarsveit. Hér skal getið nokkurra þeirra.

Magnús Guðmundsson (1923 - 2000) var virkur í tónlistarlífi bæjarins. Hann stjórnaði til dæmis Karlakór Norðfjarðar, sem var stofnaður árið 1944 og starfaði í þrjú ár. Hann var einnig einn af stofnendum Samkórs Neskaupstaðar árið 1945 ásamt því að vera stjórnandi hans í mörg ár (Magnús Guðmundsson, 1955). Samkórinn var mjög virkur í menningarlífi bæjarins og reyndar víðar og söng við ýmis tækifæri og fékk oft lof fyrir góðan flutning. Þegar haldið var upp á 25 ára afmælishátíð Neskaupstaðar árið 1954 var til dæmis skrifað um söng Samkórsins í *Þjóðviljanum*: „söng Samkór Neskaupstaðar undir stjórn Magnúsar Guðmundssonar hvert lagið öðru bétur [sic!].“ (Fólkið heldur hátíð, 1954, bls. 3). Magnús var einnig formaður í fyrstu stjórn Tónlistarfélagss Neskaupstaðar sem meðal annars stóð fyrir stofnun Tónlistarskóla

Neskaupstaðar (Tónlistarfélag í Neskaupstað, 1955 - 1957). Auk þess kenndi hann meðal annars börnum á blokkflautu á árunum 1964 - 1967 þegar starfsemi Tónlistarskólans var í lamasessi (Smári Geirsson, 2006).

Höskuldur Stefánsson (1930 - 2005) var fæddur og uppalinn Norðfirðingur og lét mikið að sér kveða í tónlistarlífinu á staðnum. Hann var organisti um árabíl á Norðfirði, virkur í dansspilamennsku, auk þess að vera virkur í lúðrasveitarstarfi. Það var honum mikið metnaðarmál að tónlistarfræðsla yrði eflað í Neskaupstað enda var hann meðal annars einn af hvatamönnum þess að Tónskóli Neskaupstaðar var stofnaður. Hann var einnig einn af þeim sem stóð fyrir því að fá Harald Guðmundsson (1922 - 1981) til Neskaupstaðar en honum hafði Höskuldur kynnst þegar þeir spiluðu saman um tíma í hljómsveit í Vestmannaeyjum. Þeir tóku upp þráðinn á Norðfirði og störfuðu saman í danshljómsveitum á Norðfirði en H.G.-sextettinn varð þar þekktastur. Þótti hann lítið gefa eftir bestu hljómsveitum landsins og vakti það athygli margra að svo góð hljómsveit kæmi frá stað sem ekki væri fjölmennari en Neskaupstaður var. Haraldur reyndist mikill hvalreki fyrir allt tónlistarlíf og tónlistarmenntun á staðnum (Ágúst Ármann Þorláksson, Smári Geirsson, 2005).

Eins og áður segir þá tók Haraldur Guðmundsson við stjórn lúðrasveitarinnar í Neskaupsstað þegar hann fluttist þangað árið 1955 auk þess að verða prentmiðjustjóri við Nesprent. Haraldur var fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum en flutti ungur til Reykjavíkur þar sem hann lærði prentið, auk þess að mennta sig í tónlist. Til dæmis stundaði hann trompetnám hjá Karli O. Runólfssyni. Haraldur var mjög músíkalskur og einn af þeim sem gat nánast leikið á hvaða hljóðfæri sem var. Hann var vel þekktur tónlistarmaður og hafði meðal annars starfað í ýmsum hljómsveitum með fjölmörgum

tónlistarmönnum í Vestmannaeyjum, Reykjavík og á Siglufirði. Hann spilaði til dæmis í hljómsveit Björns R. Einarssonar á árunum 1946 - 1948. Í Vestmannaeyjum hafði hann einnig stjórnað bæði kór og lúðrasveit. Í Reykjavík hafði hann auk þess að spila í danshljómsveitum, meðal annars stjórnað Lúðrasveit verkalýðsins og Mandólinhljómsveit Reykjavíkur. Sú hljómsveit, sem er einsdæmi í tónlistarsögu Íslendinga, starfaði frá árinu 1943 til ársins 1949 og hélt nokkra tónleika ásamt því að spila í nokkur skipti í Ríkisútvarpinu. Um mikla fjölhæfni Haraldar á tónlistarsviðinu má einnig geta þess að árið 1971 var hann fenginn að austan til Reykjavíkur til að spila á hljóðfærið barsúrku við uppsetningu Þjóðleikhússins á Grikkjanum Zorba. Á fyrstu sýningum leikritsins hafði hljóðfæraleikari frá Grikklandi spilað á þetta ágæta hljóðfæri en þegar hann fór þá var Haraldur fenginn enda talinn eini maðurinn hér á landi sem gæti leikið á þetta hljóðfæri (Birgir D. Sveinsson, Gísli Gíslason, Sigurður Þorbergsson, 2011; Bjarki Sveinbjörnsson, 2001). Þessi fjölhæfni Haraldar nýttist tónlistarskólanum og nemendum hans vel því hann kenndi á flest hljóðfæri, fyrir utan hljómborðshljóðfæri, bæði á strengjahljóðfæri og blásturshljóðfæri (Smári Geirsson, 2006).

Hér skal einnig getið Norðfirðingsins Ágústar Ármanns Þorlákssonar (1950-2011) sem starfaði nánast óslitið að tónlistarmálum á Norðfirði frá árinu 1974 eftir að hafa lokið tónlistarnámi í Reykjavík. Ágúst var mjög virkur í tónlistarmálum á Norðfirði og reyndar víðar á Austurlandi. Hann var organisti við Norðfjarðarkirkju, tónlistarkennari og síðar skólastjóri Tónskóla Neskaupstaðar auk þess að spila í fjölda danshljómsveita. Hann var mikill talsmaður þess að hafa fjölbreytileika í kennsluháttum og var opinn fyrir alls kyns tónlistarstílum. Hann átti ekki sístan þátt í

Því hversu margir tónlistarnemendur frá Norðfirði hafa farið í áframhaldandi tónlistarnám og gert tónlist að lífsstarfi sínu (Fjarðabyggð, e.d.).

4.1.6 Aðkoma bæjaryfirvalda að tónlistarmálum í Neskaupstað

Eins og hér hefur áður komið fram þá var velvilji hjá bæjaryfirvöldum til að efla tónlistarmenntun og tónlistarlíf í Neskaupstað. Á fundi bæjarstjórnar 10. febrúar árið 1956 er tekið fyrir bréf frá Tónlistarfélagi Neskaupstaðar þar sem farið er fram á 5000 krónu styrk á því ári til tónlistarkennslu og eflingar á tónlistaráhuga í bænum. Fundurinn samþykkti með sjö atkvæðum gegn einu að bæta við lið, undir gjaldaliðnum: „Ýmsir styrkir, Tónlistarfélag Neskaupstaðar, enda hafi það haldið uppi tónlistarfræðslu, kr. 5000.00.“ (Bæjarstjórn, 1952 - 1960).

Það má sjá í fjárhagsáætlun Neskaupstaðar að Lúðrasveit Neskaupstaðar var að fá styrk frá bænum í það minnsta frá árinu 1956 til ársins 1972 og að Tónlistarfélagið var komið með fastan styrk frá árinu 1956. Jafnframt fengu kórar á staðnum styrki til sinnar starfsemi svo sem Samkór Neskaupstaðar, Karlakór Norðfjarðar og Samkór Tónlistarfélagsins (Bæjarráð, 1956 - 1974). Einnig hefur verið starfrækt Menningarnefnd Neskaupstaðar að minnsta kosti frá árinu 1958 en rannsakandi hefur fundið efnisskrár frá klassískum tónleikum frá því ári, sem sú nefnd stóð fyrir. Fyrst má finna fjárveitingu til Menningarnefndar inn í fjárhagsáætlun bæjarins árið 1965 (Bæjarráð, 1956 - 1974).

Það var Tónlistarfélag Neskaupstaðar sem sá um rekstur Tónlistarskóla Neskaupstaðar frá stofnun hans árið 1956 en bæjarfélagið bar í reynd fjárhagslega ábyrgð á rekstrinum. Bæjarstjórn Neskaupstaðar samþykkti svo árið 1967 að stofna

Tónskóla Neskaupstaðar sem rekinn skyldi á ábyrgð og kostnað bæjarfélagsins (Smári Geirsson, 2006).

4.1.7 Félagasamtök – MÍR

Meningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna (MÍR) var með öfluga deild á Norðfirði. Í fundagerðabók félagsins (1952 - 1967) má sjá að félagið stóð fyrir ýmsum menningaruppákomum í bæjarfélaginu svo sem skemmtunum og kvikmyndasýningum. Auk þess stóðu þau að komu listamanna frá Sovétríkjunum til bæjarins. Þar fengu bæjarbúar tækifæri til að sjá marga góða tónlistarmenn sem héldu tónleika og var oftast um klassíska tónlist að ræða. Árið 1954 kom til dæmis píanóleikarinn Tamara Gusjeva sem spilaði verk eftir meðal annars Liszt, Chopin, Rachmaninov og Khachaturian. Árið 1958 kom svo ellefu manna hópur hljóðfæraleikara og söngvara sem hélt tónleika í bænum. Í fundagerð félagsins segir meðal annars um þá heimsókn: „Slík heimsókn er það fjörefni, sem getur jafnvel gefið rotnuðum sálum líf.“ (MÍR í Neskaupstað, 1952 - 1967).

5 Niðurstöður rannsóknar

Í þessum kafla verður greint frá helstu niðurstöðum úr þeim viðtölum sem tekin voru með rannsóknarspurningarnar að leiðarljósi.

5.1 Bakgrunnur og fyrstu minningar tengdar tónlist

Viðmælendur mínir eru eins og áður segir tíu: Finnur, Jónas, Baldur, Grímur, Atli, Örvar, Elvar, Guðrún, Jóna og Ásta. Hér eru um dulnefni að ræða sem valin eru af handahófi. Allir þessir viðmælendur hafa stundað tónlistarnám og eru eða hafa verið virkir í tónlistarlífinu á Norðfirði og annarsstaðar á einhverju tímabili. Það má segja að bakgrunnur þeirra níu viðmælanda sem eru uppaldir Norðfirðingar sé að mörgu leyti líkur þó vissulega megi leiða að því líkur að ýmislegt hafi breyst í Neskaupstað frá fimmta áratug síðustu aldar fram á þann níunda sömu aldar. Öðru máli gegnir um bakgrunn þess viðmælanda sem ekki er uppallinn Norðfirðingur. Allir eiga viðmælendur það þó sameiginlegt að hafa alist upp á heimilum þar sem tónlistaráhugi var töluverður og margir þeirra áttu foreldra og/eða systkini sem tóku virkan þátt í tónlistarstarfsemi, voru í kórum og spilandi á hljóðfæri. Það má segja að saga Jónasar sé nokkuð dæmigerð fyrir aðra viðmælendur en foreldrar hans voru kórafólk og hann ólst upp við hljóðfæraleik og mikinn söng á sínu heimili. Auk þess talar hann um að hafa hlustað mikið á tónlistarþættina í útvarpinu:

Ég man eftir þessu sem sagt söng sem var í húsinu, tónlist sem var iðkuð í húsinu og söngur og útvarpið enda löggin sem voru spiluð á þessum tíma ekki bara þegar maður var þínulítill heldur fram eftir, þetta eru löggin sem maður kann ennþá.

Það er misjafnt eftir viðmælendum hvað var þess valdandi að þeir hófu tónlistarnám. Sumir voru sendir af foreldrum sínum á meðan aðrir byrjuðu sitt tónlistarnám að eigin frumkvæði. Til dæmis segir Baldur ástæðu þess að hann fór að læra á hljóðfæri:

Það var af því að ég og æskuvinnur minn ætluðum að senda inn Eurovisionlag.

5.2 Tónlistarlíf - tónlistarmenntun

Þeir viðmælendur, sem fæddir eru á Norðfirði á árunum milli 1950 - 1970, tala um að það hafi verið töluvert um tónleikahald í bænum á þeim árum sem þeir voru að alast upp. Þetta voru gjarnan tónleikar þar sem var verið að flytja klassíska tónlist. Einnig tala allir viðmælendur um að það hafi yfirleitt verið góð aðsókn á tónleika og oftast ekki húsfyllir. Átti það bæði við um þegar tónlistarmenn komu að og eins þegar heimamenn áttu í hlut:

Þá fengum við stundum heimsóknir frá einhverjum rússneskum snillingum sem voru að koma til Íslands. Svakalega flottir tónlistarmenn sem komu hingað og héldu tónleika og þetta vakti auðvitað allt áhuga (Finnur).

Elvar tekur í sama streng og segir að tónleikahaldi á Norðfirði hafi verið fjölskrúðugt:

[...] það var mikið tónleikahald og það komu stórkostlegir listamenn og félagsheimilið var troðfullt. Þetta var svo vel sótt og við fengum nöfn eins og Ashkenazy og fleiri, fleiri listamenn komu áður en þeir verða þessar stóru stóru stjörnur. Þetta var stór hluti af bæjarlífinu. Líka hélt lúðrasveitin formlega vortónleika bara mjög metnaðarfulla tónleika á hverju ári og við erum að tala um húsfylli, það var alveg troðfullt og það var klappað upp. [...] tónleikahald var með miklum myndarbrag mundi ég segja á Norðfirði og líka skólatónleikarnir.

Jóna og Örvar talar um mikilvægi þess að fólk geti sótt tónleika þá ekki síst fyrir tónlistarnemendur því það sé hvetjandi fyrir þá til áframhaldandi náms í tónlist:

[...] ég tala ekki um svona klassíska tónleika sem mér fannst ekkert vera mikið af. Það var mikið meira af hinu, poppinu og djass (Jóna).

Örvar talar um hefðina fyrir tónleikahaldi í bænum en það hafi breyst mikið á seinni árum að minnsta kosti hvað varðar klassíska tónlist:

[...] það heyrir til undantekninga, held ég, að það séu tónleikar haldnir hérna núna, klassískir tónleikar, þeir eru ekki margir.

Viðmælendur eru sammála um að Tónlistarskóli Neskaupstaðar og síðar Tónskóli Neskaupstaðar eigi stóran þátt í eflingu tónlistarlífs á staðnum þótt vissulega hafi skólinn átt sín erfiðu tímabil þar sem erfitt var að fá kennara. Sérstaklega var framan af töluvert mikil hreyfing á kennurum, þeir hafi komið og farið. Því hafi stundum verið frekar óstöðugt ástand í þeim málum. Finnur orðar þetta þannig:

Það hafa verið toppar hérna hjá okkur í skólanum. Hér á tímabili var kennt hér á strengjahljóðfæri, hér voru lúðrasveitir og svo fer þetta í lægð, eitt dettur út og eitthvað annað kemur í staðinn, þannig að þetta hefur ekki alltaf verið eintómur dans á rósum.

Atli telur að það hafi orðið þáttaskil í tónlistarmálum á Norðfirði með tilkomu Haraldar og svo þegar Tónlistarskólinn hóf starfsemi sína. Sama sinnis er Grímur sem telur að tónlistarlíf bæjarins eigi Tónlistarskólanum/Tónskólanum mikið að þakka:

Tónlistarskólinn er bara algjör grunnur að þessu öllu saman. Og ég held að flestir hafi gert sér grein fyrir því sem fylgdust með þessu. Hvað það skiptir miklu máli að þeir sem að störfuðu við tónlistarskólann og þeir sem veittu honum forstöðu væru með þetta hugafar sem við erum að tala um, opnir fyrir öllu, taka á móti öllum og byggja á þeim áhuga sérstaklega hjá ungum krökkum og unglingum, sem er til staðar. Það er svo mikilvægt.

Nokkrir viðmælanda tala um hversu vel Tónlistarskólinn hafi tekið á móti nemendum sínum og kennarar lagt sig fram um að liðsinna þeim á allan hátt. Jóna segist hafa upplifað þetta sterkt þann tíma sem hún starfaði við skólann hvernig til dæmis þeim strákum sem voru að byrja að spila í hljómsveitum var hjálpað:

Að opna bara skólann og þú gast komið. Þér var alltaf hjálpað ef vantaði eitthvað að gera eitthvað, lána eitthvað. Þú veist þetta er ekkert endilega svona. Það er ekki lokað á nefið á þér. Þeir fengu hjálp við útsetningar og er þetta rétt og eru þessir hljómar réttir og ráðleggingar. Það er mjög dýrmætt.

Þeir viðmælendur sem stunduðu tónlistarnám á Norðfirði á árunum frá 1970 til 1990 segja að Tónskólinn og kennarar hans hafi verið mjög sýnilegir í bæjarfélaginu og að nemendur hans hafi mikið verið viðriðnir alls kyns uppákomur í samfélaginu.

Kennararnir hafa náttúrulega verið mjög sýnilegir og það skiptir mjög miklu máli, finnst mér, og það skiptir miklu máli að kennararnir séu virkir í tónlistarlífinu og það held ég að hafi alltaf verið hér (Ásta).

Jónas segir að tónlistarmenntunin á staðnum hafi verið alveg frábær þegar hann stundaði þar nám og undir það taka Guðrún og Örvar. Ásta talar einnig um tónleika Tónskólans sem viðburði í menningarlífi bæjarins þegar hún stundaði þar nám á sínum tíma:

[...] þá voru til dæmis vortónleikar skólans haldnir í Egilsbúð og fólk mætti þó það ætti ekki börn í skólanum. Þetta voru svona nokkuð stórir viðburðir og lúðrasveitin var alltaf virk og spilaði á öllum viðburðum. Að mörgu leyti má segja, eða að sumu leyti, að skólinn hafi kannski verið sýnilegri hérna áður heldur en hann er núna.

Um það hvernig tónlistarmenntunin á staðnum hafi nýst nemendum segir Grímur að hún hafi nýst vel og hafi í raun verið algjört grundvallaratriði í eflingu tónlistarlífsins á

staðnum og þá ekki síst í poppgeiranum. Baldur tekur undir þetta en segir þó að það sé oft erfitt að meta slíkt, hver ávinningurinn sé af þessu starfi:

Oft er hefðbundið tónlistarnám ekki beint gert til að nýtast áfram þegar þú hættir að læra, þetta miðar svolítið að því að þú sért alltaf að læra en í gegnum það sem ég fór þá náttúrulega þá lærði maður að standa á eigin fótum sem skiptir miklu máli og þannig nýtist tónlistarnámið ef þú getur nýtt það þótt þú sért hættur að læra, þú getur glamrað á gítar eða spilað hljóma á píanó og sungið með.

5.2.1 Helstu styrkleikar tónlistarlífsins –tónlistarmenntunar

Þegar spurt er um hver helsti styrkur tónlistarlífsins á Norðfirði hafi verið tala allir viðmælendur um að það hafi verið fjölbreytt og jafnframt að kennarar hafi jafnan verið opnir fyrir mismunandi stílbrigðum tónlistar. Guðrún segir að tónlistarlífið á staðnum hafi:

[...] verið svolítið fjölbreytt í raun og veru. Það er allavega það svona fyrsta sem mér dettur í hug. Það var sterkur poppgeirinn og hljómsveitageirinn og Tónlistarskólinn var svona massífur finnst mér með lúðrasveit [...].

Örvar talar um þennan fjölbreytileika og leggur áherslu á að kennarar skólans hafi reynt að gera allri tónlist jafn hátt undir höfði:

[...] það var alveg jafn sjálfsagt að spila Bach preludíu og setjast svo niður og spila einhvern slagara en hins vegar voru kröfur og það er það sem ég held að maður búi að. Maður varð að vanda sig við það sem þú varst að gera og þar skipti ekki máli hvers konar tónlist þú varst að spila.

Grímur tekur undir þetta og bætir við að það hafi verið mikilvægt að hjá þeim kennurum, sem hvað lengst hafi starfað við tónlistarkennslu á Norðfirði, hafi ríkt:

[...] viðsýni eða umburðalyndi varðandi tónlist. Menn eru ekki fordómafullir, menn viðurkenna nánast allt.

Jónas og Finnur tala um það sem styrk fyrir tónlistarlíf staðarins hvað það hafa margir Norðfirðingar starfað við tónlistarkennslu á staðnum því þeir hafi meiri taugar til staðarins. Finnur segir að Norðfirðingar hafi verið svo lánsamir að geta byggt sína tónlistarstarfsemi á heimafólki, sem hafi byrjað sitt tónlistarnám á staðnum og í framhaldi af því farið að:

[...] sækja sér einhverja menntun og komið síðan heim aftur.

Jónas nefnir sérstaklega þá Harald Guðmundsson og Ágúst Ármann sem báðir störfuðu við tónlist stóran hluta starfsæfi sinnar á Norðfirði og hann segir það skipti miklu máli þegar góðir menn komi til starfa að þeir skulu þá staldra svona lengi við:

Ég held að styrkurinn hljóti að ráðast af því að Norðfirðingar hafi verið heppnir með mannaval og val á því fólki sem hefur staðið fyrir tónlistarlífinu.

Undir þetta taka þeir Örvar og Grímur sem segja að allt starf af þessum toga velti svo mikið á þeim einstaklingum sem veljist til þess því eftir höfðinu dansi limirnir:

[...] ég held að þetta tengist ofsalega mikið bara mönnum, persónum bæði þeim sem komu og veittu t.d. tónlistarskólanum forstöðu og þeim sem að leiddu þetta starf þar fyrir utan eins og þessir áhugamenn sem að unnu í því að halda úti lúðrasveitinni og stóðu að baki Tónskólans vörðu hann og vildu efla gekk náttúrulega á ýmsu í gegnum söguna en almennt séð voru hér menn sem voru kraftmiklir stjórnendur Tónskólans en líka gríðarlega virkir þátttakendur í tónlistarlífinu, þetta var svo fjölbreytt [...] (Grímur).

Viðmælendur eru nokkuð sammála um gildi þess að hafa heimafólk í framvarðarsveit tónlistarlífsins þar sem því fylgi oftari meiri stöðuleiki og velvilji gagnvart

samfélaginu. Jóna og Ásta telja þó að því geti fylgt bæði kostir og gallar. Það sé gott að hafa þetta í bland því oft geti verið gott að fá fólk inn í samfélag með ólíkan bakgrunn, þekkingu og sýn:

Mér finnst það hljóti alltaf að vera kostur að fá utanaðkomandi fólk líka, ferskar hugmyndir, sem falla bara ekki inn í eitthvað munstur (Ásta).

Örvar er sama sinnis og talar um að það geti verið erfitt fyrir nýja einstaklinga, ekki síst þá sem ekki þekkja til að koma inn í hópinn:

Ég veit það ekki kannski verður þetta til þess að þetta verður svona klíka sem er erfitt að komast inn í það getur verið. Það getur virkað þannig þó að það sé ekki meðvituð stefna en þetta þróist út í það að vera svona klúbbur [...].

Auk fjölbreytileikans þá tala viðmælendur um mikilvægi þess að gott og hæft fólk sé starfandi í tónlistarkennslunni. Kennararnir séu svo sterkar fyrirmyndir og fagleg kunnátta þeirra sé mikilvæg til að byggja upp tónlistarlega grunn hjá nemendum sem svo sé hægt að byggja á. Ásta segir að það hafi valist hæft fólk til starfa og í því felist meðal annars styrkleiki góðrar tónlistarmenntunar:

Ég held að það hafi alveg tvímælalaust verið bara fólkið sem starfaði hérna í skólanum [...]. Ég held líka að bæjaryfirvöld hafi á þessum tíma verið velviljuð því sem var að gerast hér í skólanum [...] Ég held líka að Aggi og Halli, það skiptir rosalegu miklu máli að hafa svona sterka karaktera sem leiða hópinn, mér finnst það mjög mikilvægt.

5.3 Viðhorf samfélagsins

Allir viðmælendur eru sammála um að viðhorf samfélagsins hafi verið jákvætt og að fólk hafi almennt borið mikla virðingu fyrir tónlistariðkun. Það hafi bæði átt við um

einstaklinga og eins um stjórnendur bæjarfélagsins. Það hafi verið metnaður hjá stjórnendum að efla þessa starfsemi. Þannig segist Jóna hafa fundið fyrir mjög jákvæðu viðhorfi þann tíma sem hún starfaði við tónlistarkennslu á Norðfirði:

Mér fannst það og maður upplifði það þannig, eins og það væri bara sjálfsagður hlutur að vera í tónlist [...].

Undir þetta taka þau Örvar, Jónas, Guðrún og Ásta sem segja að það hafi almennt ríkt mjög jákvætt viðhorf meðal íbúa Norðfjarðar til tónlistarnáms á þeim tíma sem þau voru við nám og segja að Tónskólinn hafi veitt fjölbreytta og góða menntun:

Já, það var jákvætt, það var mjög jákvætt og ég minnst þess. Ég held að fólk hafi verið stolt af skólanum og stolt af þeim sem þar stunduðu nám og stolt af þeim sem að héldu áfram að stunda sitt nám. Og ég man eftir því þegar við vorum að spila hérna á tónleikum í Tónskólanum að þeir voru vel sóttir og við fengum mikla svörun á það sem við vorum að gera (Örvar).

Elvar og Atli tala einnig um mjög jákvætt viðhorf samfélagsins til tónlistarmála þegar þeir voru að alast upp á Norðfirði og telja að það hafi ráðið miklu um hvernig mál þróuðust þar:

Styrkurinn er tvímælaust viðurkenning samfélagsins á þessari starfsemi. Það er engin spurning að það var skilningur á því að það var verið að byggja eitthvað upp, þetta skiptir máli í bæjarfélaginu. Ég bara veit það að menn fengu oft klapp á bakið og hrós og það var allt gert sem hægt var, svona á þeim tíma til að stuðla að þessari starfsemi (Elvar).

Ráðamenn í bæjarfélaginu hafi auk þess verið velviljaðir og fundist mikilvægt að stuðla að uppgangi menningar á staðnum og verið hreyknir af sínu fólki:

Þetta var hluti af menningarátaki í bænum. Tónlistin var jafn mikilvæg og gatnakerfið og að lýsa upp bæinn. Ég upplifi þetta, tónlistin skipti

máli. Menningin skipti máli og mér finnst eins og menn hafi reynt að vera mjög upphefjandi í því sem þeir voru að gera (Elvar).

Grímur telur að þeir sem hafi verið virkir í stjórnámálum á þessum tíma hafi viljað efla menningu og listir og samfélagið hafi að mörgu leyti kallað eftir þessu. Það hafi ekki verið haldin sú skemmtun þar sem tónlist hafi ekki gegnt stóru hlutverki. Á öllum hátíðardögum eins sumardegnum fyrsta, 1. maí, sjómannadaginn og 17. júní hafi lúðrasveitin alltaf spilað. Atli tekur undir þetta og segir að styrkurinn hafi meðal annars legið:

[...] í samfélagsgerðinni í bænum. Það var þörf fyrir þetta og þetta var notað. Það var líka hægt að setja svona líka út í horn.

Hafa ber í huga þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar að viðmælendur rannsóknarinnar eru allir tengdir tónlistarlífinu og/eða tónlistarskólanum á Norðfirði. Af þeirri ástæðu er líklegt að þeir hafi síður orðið varir við neikvæð viðhorf í garð tónlistarstarfseminnar á staðnum og því ekki hægt að útiloka að einhverjir einstaklingar hafi verið eða séu ósáttir með hana.

5.4 Hljómsveitarstarf

Viðmælendur tala um öflugt hljómsveitastarf, þá bæði lúðrasveitarstarf og að það hafi verið margar góðar danshljómsveitir á staðnum sem að langmestu leyti voru skipaðar heimamönnum. Allir viðmælendur eru sammála um mikilvægi lúðrasveitarstarfsins sem rekið var á Norðfirði fyrir allt menningarlíf á staðnum, allt frá árinu 1954 og fram til aldamóta en eins og áður hefur komið fram var Lúðrasveit Neskaupstaðar einn af hornsteinum tónlistarlífs bæjarins um langt skeið:

[...] það var mikill metnaður í starfi lúðrasveitarinnar. Það var stórmerkilegt starf á sínum tíma. Ég meina lúðrasveitin var bara, fyrir utan að vera góður félagsskapur og allt það, þá var tónlistin sem við fluttum uppbyggjandi og menn seildust eins langt og þeir gátu inn í svona létt klassíska tónlist og það var alveg ljóst að fólkíð á Norðfirði og á Austurlandi þótti þetta merkilegt fyrirbrigði. Og við héldum tónleika á Seyðisfirði og öllum fjörðunum og lúðrasveitin var ómissandi þáttur á öllum Hallormsstaðaskemmtunum og ég held að það hafi verið talsverður menningarbragur á lúðrasveitinni (Elvar).

Þeir viðmælendur sem voru í Skólalúðrasveit Neskaupstaðar nefna hana öll sem áhrifavald í sinni tónlistarmenntun á Norðfirði. Þar hafi verið um kröftugt og vel skipulagt starf að ræða sem Haraldur hafi byggt upp af festu og miklum metnaði. Það starf hafi gefið þeim mikið bæði tónlistarlega sem og félagslega. Um tilurð sveitarinnar þá segja þeir Örvar og Jónas að þegar ákveðið var að stofna Skólalúðrasveitina árið 1974 þá hafi verið teknir margir nemendur skólans sem voru að læra á strengjahljóðfæri eða píanó og látnir fá blásturshljóðfæri og svo hafist handa. Haraldur hafi kennt á öll hljóðfærin og stjórnaði hljómsveitinni. Örvar segir að starfsemi sveitarinnar hafi verið öflug:

Sveitin var sett saman og hún var byrjuð að spila á ótrúlega skömmum tíma og náði bara mjög góðum árangri. Við fórum og spiluðum á listahátíð og meira að segja vorum tekin upp í sjónvarpið og við fórum til Danmerkur í lúðrasveitarferðalag og svona hérna um svæðið.

Einnig talar hann um forvarnargildi svona starfsemi:

Þetta styrkir fólk félagslega. Þarna voru einstaklingar sem voru ekki sterkir félagslega sem voru líka teknir þarna inn og ég get alveg trúað því að það hafi verið meðvituð ákvörðun hjá honum Halla.

Ásta segir að það hafi verið keppikefli nemenda að fá að vera í lúðrasveitinni:

[...] ég var í lúðrasveitinni, það var svona, það vildu allir komast í lúðrasveitina. Það er kannski svolítið öðruvísi en í dag, ég veit það ekki, en það var alveg æðislegt í lúðrasveitinni.

Viðmælendur tala einum rómi um að poppgeirinn hafi verið mjög sterkur á Norðfirði í gegnum árin og að það hafi verið mikið tengsl á milli hans og Tónskólans, margir sem voru að læra eða kenna í skólanum hafi svo verið driffjaðrir í poppinu/danstónlistinni. Það kemur einnig fram hjá viðmælendum rannsóknarinnar að það voru nær eingöngu strákar sem voru virkir í þeirri starfsemi á staðnum. Jónas segist til dæmis hafi farið með mjög fjölbreytta reynslu í tónlist í veganesti þegar hann fór til Reykjavíkur í áframhaldandi nám og að það hafi verið hvatning til þess að halda tónlistarnámi sínu áfram. Um fjölbreytileikan segir hann:

Það hjálpar í öllu tónlistarstarfi að hafa komið víða við, þekkja fleiri heldur en bara eina þrönga grein af tónlist. Ég meina að vera bara poppari eða bara orgelleikari. [...] Jú auðvitað hjálpar allt það er náttúrulega engin spurning eins og þú veist með að skilja hljómfraðilega byggingu, allavega einfaldra laga, að hafa grufað í því að pikka upp lög og þar með að fatta svona uppbyggingu það hjálpar mikið [...]. Ég held að það sé mjög sniðugt að vera ekkert endilega að stefna á að búa til einhverja snillinga á eitthvert eitt hljóðfæri, kenna þeim bara músik almennt.

Undir þetta tekur Elvar en hann telur að spilamennskan í poppinu hafi hjálpað til við að efla áhuga og nýst mjög vel líka í áframhaldandi klassísku námi:

Svo er það þessi hljómsveitamennska, sem skilaði meira en maður reiknaði með, bara að þurfa að bjarga sér að pikka upp lög og læra hljómagang því það var aldrei farið í tónfræðitíma eða tónheyrn, það var í rauninni ekki til.

Það kemur fram hjá mörgum viðmælendum hversu mikið gildi hljómsveitarstarf hafi haft fyrir þá bæði tónlistarlega, einnig félagslega. Sú kunnátta og þekking sem hafi

fengist í gegnum það starf, oft ómeðvituð, hafi nýst mjög vel í áframhaldandi tónlistarnámi auk þess sem félagslegi þátturinn hafi gert það að verkum að einstaklingar héldu frekar áfram í tónlistarnámi. Örvar talar einnig um hversu mikilvægur félagslegi þátturinn sé og að hann megi ekki vanrækja. Hann geti haft mikið að segja um hvert framhaldið verði hjá hverjum og einum:

Annað sem ég er líka alveg sannfærður að hefur haft mikil áhrif í þá veru að ég héldi áfram það var þessi félagskapur sem ég var í hérna. Það skiptir miklu máli að vera að vinna að tónlist utan skólans og það er ég algerlega sannfærður um að það hefur stuðlað að því að félagslegi þátturinn, hann virkaði að maður datt ekki út þess vegna.

Það kemur fram hjá þeim viðmælendum sem tóku þátt í starfsemi Lúðrasveitar Neskaupstaðar að allan hennar starfstíma, sem spannaði frá árinu 1954 til ársins 1973, þá var sveitin einungis skipuð körlum. Sömu sögu er að segja af dans- og popphljómsveitunum, þær voru nánast eingöngu skipaðar karlmönnum. Allir sjö karlkyns viðmælendur rannsóknarinnar voru eða eru enn starfandi í danstónlist en kvenviðmælendur rannsóknarinnar segjast ekki hafa tekið þátt í slíku starfi. Aftur á móti var Skólahljómsveit Neskaupstaðar skipuð nemendum af báðum kynjum. Jóna veltir fyrir sér hvaða ástæður geti legið þarna að baki og kemst helst að þeirri niðurstöðu að þetta hafi eitthvað með samfélagsgerðina og tíðarandann að gera:

[...] í sambandi við kynjaskiptinguna þá er ég að velta því fyrir mér hvort það geti verið svona eitthvað uppeldislegt, eins á svona smærri stöðum út á landi og á þessum árum, tíðarandinn líka, strákarnir bara sjálfsagt að þeir séu bara að leika eða að stofna hljómsveitir. Kannski verið svolítið strákasamfélag í sambandi við það og kannski ekkert verið að bjóða stelpum endilega að taka þátt en ég er alveg viss um að þær hefðu margar getað það, verið með, ekkert síður en strákarnir.

5.5 Áhrifavalda og fyrirmyndir

Um helstu áhrifavalda og fyrirmyndir tala viðmælendur um kennara sína og nefna gjarnan þá Harald Guðmundsson og Ágúst Ármann. Haraldur sem hafi verið vandvirkur hljómsveitarstjóri og góður tónlistarmaður sem hafi getað kennt á nánast hvaða hljóðfæri sem var. Þetta hafi gert það að verkum að það hafi verið hægt að læra á ótrúlega mörg hljóðfæri á ekki stærri stað, sem er ómetanlegt:

[...] það er ótrúlegt að hafa kennara fyrir svona litla staði sem getur kennt á svona rosalega mörg hljóðfæri eins og hann gerði það er alveg einstakt (Guðrún).

Jónas er sama sinnis og segist helst hafa horft til kennara sinna, Haraldar sem var hans hljóðfærakennari alla tíð á Norðfirði og svo einnig Ágústar sem kenndi honum svokallaðar fræðigreinar:

Haraldur Guðmundsson, hann er svoldið skemmtileg fyrirmynd af því að hann var svo fjölhæfur. Þetta var ekkert mál fyrir hann að taka upp hljóðfæri og spila eitthvað lag á það, það var bara eðlilegasti hlutur í heimi.

Jónas talar um hvernig klassíkin og poppið hafi að mörgu leyti mæst í Tónskólanum með Haraldi og Ágústi. Þetta voru:

[...] svona tveir pólar og þeim var svona att saman í einn tónlistarsöguhrærigraut, sem sagt bæði poppinu og klassíkinni og Aggi talaði alveg um hvorutveggja jafn mikið og af sömu þekkingu. Það hefur áhrif þessi áhugi, hann er mjög smitandi. Ef þú hittir einhvern sem hefur brennandi áhuga á þessu og leyfir þér að hlusta á það sem hann er að hlusta á og pæla það er mjög smitandi [...].

Undir þetta tekur Örvar:

Það voru náttúrulega þessir kennarar, ekki spurning. Það var kannski Ágúst Ármann fyrst og fremst og Haraldur líka en hann var líka til

dæmis fyrirmynd í sambandi við fjölbreytileikann líka því hann lagði einnig mikla áherslu á að menn væru ekki við eina fjölinu felldir, þar að segja hvað hljóðfærið varðaði.

En fleiri koma til sögu sem fyrirmyndir og nefnir Guðrún til dæmis sérstaklega Olgu Guðrúnu Árnadóttur sem kenndi henni einn vetur. Hún hafi verið alveg frábær og náð mjög vel til hennar. Einnig nefnir Örvar Karl Sighvatsson, sem hafi komið með nýja nálgun á ýmislegt tengt tónlistarupplifun. Nokkrir viðmælendur nefna þá tónlistamenn íslenska og erlenda sem komu og héldu tónleika á staðnum. Jónas segir að það hafi verið mjög hvetjandi fyrir sig að sjá og heyra í Norðfirðingnum Lárusi Sveinssyni trompetleikara sem hafi stundum komið og spilað á Norðfirði. Hann hafi verið einn albesti trompetleikari landsins og að það hafi verið frábært að hlusta á hann. Lárus hafði farið í gegnum tónlistarnám á Norðfirði og svo haldið áfram. Þarna var maður sem var búinn að ná mjög langt á sínu sviði.

Fyrirmyndirnar voru víðar. Það voru mjög sterkar fyrirmyndir í danshljómsveitum staðarins en þær voru að sögn allra viðmælanda nokkuð stór hluti af tónlistarlífi bæjarins. Örvar nefnir sérstaklega hljómsveitina Amon Ra í því sambandi:

[...] við stóðum alveg gapandi fyrir framan sviðið og biðum eftir sóló.

Einnig fundu sér margir viðmælendur fyrirmyndir í gegnum útvarp og hljómplötur. Elvar og Ásta tala um að hafa hlustað mikið á plötusafn foreldra sinna þó mest á klassíska tónlist en einnig djasstónlist:

Mamma og pabbi áttu plötusafn þar sem Di Stefano og Callas sungu í La bóhem. Þetta lá ég í og hlustaði á. Ég held að einhvern veginn að mínar fyrirmyndir hafi legið þarna (Elvar).

Baldur álítur að börn á landsbyggðinni skorti oft fyrirmyndir. Þau hafi til dæmis ekki sama aðgengi að tónleikum og börn á höfuðborgarsvæðinu:

Þau sjá ekki sinfóníuhljómsveit, þó þær fari í skóla í Reykjavík og sýni sig þar en kannski 90% af krökkunum hérna á grunnskólaaldri, sem munu líklega ekki sjá sinfóníuhljómsveit spila eða stórar lúðrasveitir. En það er náttúrulega það sem kveikir mestan áhuga þegar maður fær að heyra í svona því að það er allt öðruvísi að sjá þetta í sjónvarpinu heldur en að sjá þetta lifandi.

5.6 Staðan í dag - framtíðarsýn

Viðmælendur rannsóknarinnar eru tíu eins og áður segir og þar af eru nokkrir sem búa á Norðfirði en aðrir sem hafa ekki búið þar í fjölda ára en segjast samt hafa fylgst nokkuð með tónlistarlífinu þar eftir að þeir fluttu enda átt þar ættingja og vini. Jafnframt hafa nokkrir viðmælenda komið þangað öðru hvoru til að taka þátt í alls kyns tónlistarflutningi og þekkja því ágætlega til þessara mála. Almennt eru viðmælendur sammála um að tónlistarlíf staðarins sé nokkuð blómlegt, sérstaklega hvað varðar rytmíska tónlist en klassíska tónlistin eigi frekar undir högg að sækja. Örvar nefnir þetta og segist hefði viljað sjá að:

[...] sígild tónlist eða klassísk tónlist hefði hlotið meiri sess hérna [á Norðfirði] því þetta er þó að Tónskólinn haldi áfram að rækta sína músík þá er rytmíska áherslan mjög sterk, mjög rík sem er allra hluta góðra gjalda vert nema það bara vantar hina músíkina. Og það er svo mikilvægt að halda áfram að ala upp bæði flytjendur en ekki síður njótendur [...].

Það má segja að Jóna taki í sama streng þegar hún talar um að fjölbreytni skipti miklu máli í öllu tónlistaruppeldi:

Já, hún skiptir svo miklu máli og fjölbreytnin er ekki bara að vera opin fyrir poppinu, fjölbreytnin er líka að vera opin fyrir klassíkinni.

Örvar telur að þótt hefð sé fyrir blómlegu tónlistarlífi á staðnum og það sé að mörgu leyti athyglisvert hversu margir hafa farið í áframhaldandi tónlistarnám og starfi við tónlist, miðað við ekki fjölmennara byggðarlag, þá hafi þarna orðið breyting á:

[...] náttúrulega þó það sé nú ekki meginmarkmiðið lengur að ala af sér endilega einleikara eða flytjendur þá eru viðmiðin samt þau að það sé alltaf einhver prósentu sem skilar sér áfram. Og ég veit ekki hversu mikið það hefur verið á síðustu árum, ég held að það hafi ekkert verið mjög mikið, ekki allavega eins og það var.

Undir þetta tekur Ásta, sem segir að ef til vill hafi áherslurnar breyst, sem geri það að verkum að færri geri tónlist að atvinnu sinni en áður:

Mér finnst til dæmis núna ekki vera að koma neitt frá Norðfirði, eins og var hérna 70 og eitthvað og 80 og eitthvað.

Grímur, Finnur, Atli og Elvar tala um hættuna á því að fólk fari að taka hlutina sem sjálfsagða, séu góðu vanir og sofni á verðinum. Slíkt megi aldrei gerast því það sé ekkert sjálfsagt að öflug tónlistarstarfsemi sé rekinn á hverjum tíma. Fólk þurfi alltaf að vera vakandi, opið og tilbúið að bregðast við þeim aðstæðum sem geta komið upp á hverjum tíma. Grímur segir að undirstaða öflugs tónlistarlífs á staðnum sé að hlúa að Tónskólanum og vonar að mönnum beri gæfa til þess. Hann sé undirstaða þess að tónlistarlíf staðarins blómstri.

Nokkrir viðmælanda tala um að tónlistarmenntun staðarins eigi undir högg að sækja hjá ráðamönnum sveitarfélagsins og að það gæti ákveðins fálætis í samfélaginu. Þeir segja að sá metnaður sem hafi ríkt hjá ráðamönnum til að halda uppi öflugu tónlistarstarfi sé kannski ekki sá sami og var frá miðri síðustu öld og fram eftir henni. Elvar bendir á að þetta sé þróun sem eigi sér stað í öllu þjóðfélaginu:

Það eru allir orðnir svo dreifðir út um allt og við horfum orðið mest inn í sjónvarpið og mælikvarði er alltaf orðinn það besta sem til er og þá er bara miðað við atvinnumennsku úti í hinum stóra heimi. Það er enginn orðinn nógu góður. Þetta sjónarmið var ekki til. Við vorum stolt af okkar fólki og ég held að maður hafi bara verið svolítið stoltur af sjálfum sér að vera með í þessu. Þetta er stóri munurinn, held ég, það er þessi drifkraftur, sem kemur frá því að vera samþykktur og það var þakkað fyrir þetta.

Ásta talar um það sama, hversu mikilvægt það sé að fá viðurkenningu frá samfélaginu fyrir það sem maður er að fást við og þá ekki síst fyrir börn og unglinga:

[...] það skiptir svo miklu máli sem krakki og unglingur að falla í hópinn og mér fannst það vera, það var töff að vera á klassísku línunni hérna 1970 og eitthvað og 80 og eitthvað en það er minna töff í dag og mér fannst, maður fékk viðurkenningu út á það.

Allir viðmælanda eru sammála um að örar breytingar í samfélaginu, svo sem ör tækniþróun og aukið framboð af afþreyingu hafi áhrif á alla tónlistarstarfsemi þar sem einstaklingum standi svo margt til boða til að nota tíma sinn í. Því segja viðmælendur að mikilvægt sé að hlúa vel að tónlistarmenntun svo tónlistarlífið megi blómstra í framtíðinni, að samfélagið allt sé vakandi og opið fyrir mikilvægi þeirrar starfsemi sem tónlistarnám geti vissulega alið af sér.

6 Umræður og ályktanir

Í þessum kafla verða helstu niðurstöður þessarar rannsóknar teknar saman, þær ræddar og settar í samhengi við fræðilegan bakgrunn verkefnisins og þær rannsóknarspurningar sem lagðar voru til grundvallar. Meginrannsóknarspurningin var: Hvernig hefur tónlistarmenntun verið háttáð á Norðfirði frá byrjun 20. aldar og hvaða áhrif hefur hún haft á tónlistarlíf staðarins?

6.1 Áhrif tónlistarmenntunar - hlutverk Tónskólans

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar virðist ýmislegt benda til þess að tónlistarmenntun hafi haft umtalsverð áhrif á tónlistarlíf á Norðfirði. Það má segja að fyrstu alvöru skrefin í almennri tónlistarfræðslu á staðnum hafi verið stigin með stofnun Tónlistarskóla Neskaupstaðar og jafnframt hafi framlag Lúðrasveitar Neskaupstaðar til tónlistarmenntunar einnig verið mjög mikilvægt.

Rannsóknin leiðir í ljós að mikil hefð hefur verið fyrir góðum danshljómsveitum á Norðfirði í gegnum árin og mikill áhugi, sérstaklega meðal drengja, fyrir slíku starfi. Þetta hefur haft í för með sér að stofnaðar hafa verið margar hljómsveitir sem notið hafa aðstoðar Tónskólans hvað varðar kennslu og aðstöðu. Það má því segja að tónlistarlegt umhverfi hafi verið mótandi fyrir tónlistarlega sýn þessara einstaklinga. Það hafi verið þörf í samfélaginu fyrir þessa gerð tónlistar og hún því haft mikið notagildi í samfélaginu. Þannig hafi samfélagsgerðin á vissan hátt mótað viðhorf og gildi samfélagsins. Þessar niðurstöður koma ekki á óvart og eru í samræmi við kenningar Bourdieu (1986) og Davíðs Kristinssonar (2007) um það hvernig *habitus* einstaklinga mótast. Enn fremur falla þessar niðurstöður vel að rannsókn Rodriguez og

Blanco (2000) um mótun menningarlegs umhverfis á smekk einstaklinga fyrir tónlist og einnig rannsókn Corbett (2009) á því hvernig samfélagsgerðin getur haft mótandi áhrif á viðhorf einstaklinga til dæmis til tónlistar í dreifbýli.

Félagslegur þáttur tónlistariðkunar er mikilvægur, enda kemur berlega fram í rannsókninni að einstaklingar sækja til dæmis í hljómsveitarstarf vegna þess að þar koma saman einstaklingar með sameiginlegt áhugamál, það er að spila tónlist sem þeim finnst skemmtileg um leið og þeir verða hluti af ákveðnum hópi. Þetta er í samræmi við það sem rannsóknir Bennett og Silva (2006) og Hennion (2003) sýna að félagsleg tengsl einstaklinga ráði meira um hvert hugur þeirra leitar en félagsleg staða eins og Bourdieu (2007) vill halda fram.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiða í ljós að töluvert framboð hafi verið af tónleikum og skemmtunum þar sem tónlistarflutningur var áberandi að mati viðmælenda. Þessir menningarviðburðir hafi oftast verið vel sóttir. Þeir hafi þjappað einstaklingum saman félagslega ásamt því að hafa haft mótandi áhrif á andann í samfélaginu og þannig átt þátt í því að auka samstöðu fólks innan samfélagsins. Þetta rímar vel við rannsóknir Floru, o.fl. (2009) þar sem fram kemur að til dæmis tónlistarmenntun og tónlistariðkun einstaklinga sé sameiginleg afurð samfélagsins. Því megi segja að fólk í dreifbýli haldi samstöðu sinni í gegnum menningu eins og tónlistarstarfsemi þar sem sömu gildi, skoðanir og markmið ríkja. Einnig rímar þetta vel við hugmyndir Platons um að tónlist og tónlistariðkun sé mikilvæg sem félagsleg athöfn og hafi því mikið gildi fyrir samfélagið í heild sinni (Staumo, 2002).

Það má í raun segja að það hafi starfað tveir tónlistarskólar í Neskaupstað frá árunum 1956 og fram undir 1970. Annars vegar var það Lúðrasveit Neskaupstaðar,

stofnuð 1954, sem var nokkurs konar uppeldisstöð fyrir blásara á staðnum og hún sá um námskeið og kennslu fyrir þá sem voru í sveitinni en einnig fyrir þá sem vildu verða meðlimir hennar. Hins vegar Tónlistarskóli Neskaupstaðar, síðar Tónskóli Neskaupstaðar, sem var stofnaður árið 1956 og hefur starfað nær óslitið síðan. Það er svo frá árinu 1970 þegar Haraldur Guðmundsson er ráðinn skólastjóri Tónskólans að öll tónlistarfræðsla í bænum er komin undir einn hatt. Í kjölfar þess má segja að ákveðið blómaskeið hefjist í sögu skólans eftir að hafi átt nokkuð erfitt uppdráttar aðallega vegna erfiðleika með að fá kennara til starfa á árunum á undan.

6.2 Helsti styrkur tónlistarlífsins

Rannsóknin leiðir meðal annars í ljós að viðmælendur höfðu góðar minningar og jákvætt viðhorf til tónlistarmenntunar og tónlistarlífs á Norðfirði. Þeir voru nokkuð sammála um að sú tónlistarmenntun sem þar hafi verið veitt hafi verið fjölbreytt og frekar ýtt undir áframhaldandi tónlistarnám þeirra. Viðmælendur tala um kennara sína sem fyrirmyndir og mikilvægi þess að hæfir einstaklingar sinni tónlistarkennslu. Einnig kemur fram hjá viðmælendum að þeir hafi fundið fyrir mjög jákvæðu viðhorfi samfélagsins gagnvart tónlist og tónlistarmenntun, en það skiptir miklu máli fyrir þá sem stunda tónlistarnám. Þetta kemur vel heim og saman við það sem Pitts (2008) og (2009) segir um það hversu mikil áhrif tónlistarkennarar hafi á tónlistarlegt uppeldi einstaklinga og mikilvægi hvatningar frá þeim. Auk þess sé jákvætt umhverfi og stuðningur, til dæmis foreldra, mikilvægur fyrir farsælt tónlistarnám. Það er mikilvægt að hafa góða tónlistarkennara og í dreifbýlinu er mikill kostur að þeir séu fjölhæfir hljóðfæraleikarar og opnir fyrir fjölbreytileika í kennsluháttum. Samkvæmt rannsókninni hjálpar það nemendum í öllu tónlistarstarfi að hafa komið sem víðast við,

þekkja fleiri en eina tegund tónlistar. Þá er líklegra að það náist að virkja fólk betur til þátttöku í tónlistarstarfi, sem er grundvöllur fyrir menningarlegri fjölbreytni og eflir um leið menningarlega sjálfsmynd einstaklinga og samfélaga. Að ýmsu er því að hyggja þegar hugað er að hlutverki tónlistar í samfélögum. Það fellur til dæmis vel að hugmyndum Hennion um að menningarstefna tónlistar eigi að viðurkenna allar tegundir tónlistar og líta til þess hvað tónlist gerir og hvernig hún sé notuð í samfélaginu (Looseley, 2006).

Það er ekki hægt að segja að þessar niðurstöður komi rannsakanda beint á óvart enda styrkja þær fyrri rannsóknir/skrif sem til eru um tónlistarlíf og tónlistarmenntun á Norðfirði um að þar hafi verið nokkuð fjölbreytt tónlistarlíf og tónlistarkennarar opnir fyrir mismunandi tónlistarstefnum. Einnig að góðir og hæfir menn hafi valist til starfa í tónlistarkennslu og starfað þar lengi. Gott mannaval er mikilvægt fyrir alla starfsemi og þar er tónlistarkennsla engin undantekning en það er ekki sjálfgefið að slíkir menn séu til staðar. Það kemur til dæmis fram í rannsókninni að Haraldur Guðmundsson hafi verið mikill hvalreki fyrir tónlistarstarfsemi á Norðfirði vegna kunnáttu sinnar og færni á hin ýmsu hljóðfæri. Rannsakandi telur einnig að þekking Haraldar og tengsl við tónlistarlífið bæði í Vestmannaeyjum og Reykjavík hafi gert það að verkum að hann þekkti tónlistarumhverfið betur en margur annar, til dæmis hvað styrki frá ríki varðar. Eins og áður hefur komið fram þá voru bæði lúðrasveitir og tónlistarskólar, sem Haraldur var vel kunnugur, komnir inn á fjárlög ríkisins þegar hann fluttist til Norðfjarðar.

Það má einnig lesa út úr rannsókninni að öflugt tónlistarlíf sé ekki sjálfgefið og á síðari árum hafi ef til vill orðið nokkur breyting á tónlistarlífinu á Norðfirði. Þannig

eigi til dæmis klassísk tónlist töluvert undir högg að sækja. Það sé til dæmis undantekning ef klassískir tónleikar eru haldnir á staðnum. Aftur á móti hefur lengi verið rík hefð fyrir rytmískri tónlist á Norðfirði og það kemur fram í rannsókninni að sú tónlist virðist vera orðin mun fyrirferðarmeiri í öllu tónlistarlífi staðarins. Það má spyrja sig hvort þetta sé einhver þróun, sem eigi sérstaklega við um tónlistarlífið á Norðfirði, eða hvort þetta sé þróun sem hafi átt sér stað á seinni árum út um allt land. Þetta væri áhugavert að rannsaka betur.

Athyglisverð er sú skoðun margra viðmælenda rannsóknarinnar að styrkur tónlistarlífsins á staðnum hafi meðal annars falist í því hversu virkir heimamenn hafi verið bæði í kennslu og tónlistarlífinu á staðnum og að það sé ein af ástæðum þess að hefð hafi skapast fyrir nokkuð öflugri tónlistarstarfsemi á Norðfirði. Ef þetta er raunin þá er það áhyggjuefni fyrir tónlistarstarfsemina á Norðfirði, að mati rannsakanda, því rannsóknin leiðir í ljós að fáir tónlistarnemendur frá Norðfirði hafa farið í áframhaldandi tónlistarnám síðustu tvo áratugina eða svo. Haldi sú þróun áfram má ætla að erfitt geti orðið að manna til dæmis störf tónlistarkennara á staðnum með heimafólki. Það væri aftur á móti áhugavert að rannsaka nánar hvort samband sé á milli öflugrar tónlistarmenntunar úti á landsbyggðinni og þess að það séu heimamenn sem sjá um kennsluna að miklu eða öllu leyti.

6.3 Aðkoma bæjaryfirvalda

Í rannsókninni kemur fram hversu mikils virði jákvætt viðhorf ráðamanna og samfélagsins alls hefur verið fyrir framgang allrar tónlistarstarfsemi á staðnum. Ekki hefur rannsakandi fundið nein merki um að það hafi verið til skrifuð menningarstefna sveitarfélagsins heldur hafi hún mikið frekar orðið til sem viðbrögð við umhverfinu,

Því sem samfélagið kallaði eftir. Bærinn lagði fram fjármuni til að standa að og efla tónlistarlíf og tónlistarmenntun á staðnum sem samkvæmt Mintzberg og Waters (1985) myndi flokkast sem sjálfsprottin menningarstefna. Bæjaryfirvöld virðast hafa verið meðvituð um menningarlegt og félagslegt gildi tónlistariðkunar og tónlistarmenntunar sem myndi leiða af sér öflugra og betra samfélag, auk þess að ýta undir jákvæða sjálfsmynd einstaklinga. Þetta fellur vel að þeim hugmyndum Mulcahy (2006) sem segir að menningarstefna sem meðal annars leggi áherslu á menningararf, sögulega arfleifð, listir og listkennslu eins og tónlistarkennslu sé líkleg til að ýta undir jákvæða sjálfsmynd einstaklinga og tilfinningu fyrir samfélagslegu samhengi ásamt því að efla alla listræna sköpun og fagurfræðilega umræðu í samfélaginu. Einnig fellur þetta vel að skrifum Throsby (2010) um að opinberir aðilar, svo sem sveitastjórnir séu yfirleitt meðvitaðir um félagslegt mikilvægi menningar í lífi fólks og ábyrgð sína í þeim málum.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að það hafi verið vilji bæjaryfirvalda að stuðla að virkri þátttöku fólks í tónlistarstarfsemi samfélagsins og að ráðamenn hafi verið stoltir af þeirri starfsemi sem tónlistarlífið bauð upp á og talið þetta starf vera mikilvægan þátt í því að byggja upp jöfnuð og samtryggingu í samfélaginu. Þetta rímar vel við skrif Ólafs Rastrick (2011) um hlutverk menningarstuðnings opinberra aðila á Íslandi. Á móti kom að bæjarfélagið óskaði til dæmis eftir að Lúðrasveit Neskaupstaðar stæði að og spilaði við hátíðarhöld á staðnum eins og á sumardaginn fyrsta og 17. júní (Bæjarstjórn, 1952 - 1960).

Eins og áður hefur komið fram þá skal því hér einnig haldið til haga að ríkið lagði fram fjármuni á fjárlögum til lúðrasveita- og tónlistarskólustarfs í landinu og þess

naut bæði Lúðrasveit Neskaupstaðar sem og Tónlistarskóli Neskaupstaðar. Það má segja að þarna hafi ríkið verið að bregðast við umhverfinu, því sem samfélagið kallaði eftir. Ríkisvaldið hafi lagt fram fjármuni til að standa að og efla tónlistarlíf og tónlistarmenntun í landinu án þess að um það væri til einhver skrifuð stefna. Þetta myndi flokkast sem sjálfsprottin menningarstefna samkvæmt Mintzberg og Waters (1985). Ríkið kom svo þessum styrkveitingum sínum í fastar skorður með setningu laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla en þau lög voru sett á Alþingi árið 1963 (Menntamálaráðuneytið, 2004).

6.4 Áhrif samfélagsgerðar á tónlistarmenntun/ tónlistarlíf

Það kemur fram hjá mörgum viðmælendum rannsóknarinnar að sú samfélagsgerð sem var á Norðfirði upp úr miðri síðustu öld og fram eftir henni hafi verið mjög félagsleg og opin fyrir alls kyns menningarstarfsemi, ekki síst tónlist. Þetta má sjá víðar og kemur til dæmis glögglega fram í viðtali við Ágúst Ármann Þorláksson, sem lengi var virkur í tónlistarstarfi á Norðfirði:

[...] það voru allir með árshátíðir og eitthvað hér í Neskaupstað. Þetta var svo félagslynt samfélag. Þetta var örugglega eitt félagslyndasta samfélag á Íslandi, gamli kómmabærinn sem ég kalla. Fólk var óskaplega félagslynt hér (Ágúst Ármann Þorláksson, munnleg heimild, 21. júlí 2011).

Það er því ýmislegt sem bendir til þess að samfélagsgerðin hafi haft mótandi áhrif á einstaklinga og í raun byggt upp þeirra *habitus* sem virðist vera afsprengi þess sem samfélagið hefur upp á að bjóða og viðurkennir. Þetta rímar vel við kenningar Bourdieu (2007) um hvernig *habitus* einstaklinga verður til og eins rannsóknum Floru, o.fl. (2009) á samfélögum í dreifbýli og þeirri samfélagsmenningu þar sem samfélagið

hampar frekar þeim gildum sem þar ríkja. Einnig fellur þetta vel að hugmyndum Hargreaves, Miell og MacDonald (2002) um að tónlist sé stór þáttur í mótun sjálfsmyndar einstaklinga þar sem smekkur á tónlist gefi til kynna hvaða gildi þeir aðhyllast og eins hvernig hegðun þeirra er. Því má segja að tónlist hafi mikið félagslegt og menningarlegt gildi bæði fyrir einstaklinga og samfélög auk þess að hafa mótandi áhrif á sjálfsmynd, smekk og lífsstíl fólks.

Rannsóknin leiðir í ljós að miklu færri stúlkur frá Norðfirði hafa farið í áframhaldandi tónlistarnám en drengir og finnst rannsakanda það bæði mjög athyglisvert og um leið umhugsunarvert. Rannsakanda finnst ekki ólíklegt að ætla að þetta hafi eitthvað með fyrirmyndir að gera. Karlmennt hafa alla tíð verið í miklum meirihluta sem tónlistakennarar á staðnum. Til dæmis var enginn kvenmaður í Lúðrasveit Neskaupstaðar meðan hún starfaði sem verður að teljast nokkuð merkilegt miðað við að fyrir fyrsta starfsár Tónlistarskólans árið 1956 eru skráðir 37 væntanlegir nemendur og þar af eru 23 stúlkur (Tónlistarfélag í Neskaupstað, 1955 - 1957). Á þessu má sjá að tónlistaráhugi hefur ekki síður verið fyrir hendi hjá stúlkum en drengjum, enda sést þegar skoðaðar eru nemendalistar sem til eru frá Tónskólanum að stúlkur hafa yfirleitt verið fleiri við nám í skólanum en drengir (Tónlistarskóli Neskaupstaðar/Tónskóli Neskaupstaðar, 1956 - 2011). Væntanlega hefur þetta líka eitthvað með tíðarandann að gera á þessum árum en einnig samfélagsgerðina. Það kemur fram í rannsókninni að samfélagsgerðin á Norðfirði hafi frekar ýtt undir drengi en stúlkur til þess að fara í hljómsveitir. Þetta kemur vel heim og saman við rannsókn Fabiansson (2006) á hlutverkaskiptingu kynjanna eftir samfélagsgerðum í dreifbýli og hvaða gildi eru þar höfð að leiðarljósi.

Það má þó líta á það sem jákvæða þróun á þessum tíma að með stofnun Tónlistarskóla Neskaupstaðar hafi skapast tækifæri fyrir stúlkur til að læra á hljóðfæri og því hafi hann verið mikilvæg stofnun í samfélaginu til að jafna möguleika kynjanna til tónlistarnáms og þátttöku í tónlistarlífi bæjarins. Sem dæmi um það þá var töluvert af stúlkum í Skólahljómsveit Neskaupstaðar allan þann tíma sem hún starfaði eins og sjá má á mynd sem birt er í *Afmælisfréttabréfi Tónskóla Neskaupstaðar* frá árinu 2006 (Smári Geirsson, 2006). Rannsakanda finnst þessi kynjaskipting mjög athyglisverð og sér þarna verðugt viðfangsefni í aðra rannsókn.

7 Lokaorð

Það er nokkuð ljóst að um miðja síðustu öld hefur orðið töluverð vakning í tónlistarmálum á Norðfirði þegar nokkrir áhugasamir einstaklingar komu á fót lúðrasveit og í framhaldi af því tónlistarskóla í samstarfi við bæjarfélagið. Hljómsveitarstarf blómstraði og þeir einstaklingar sem þar fóru fremstir í flokki urðu sterkar fyrirmyndir fyrir yngri kynslóðir. Má þar bæði nefna öflugt lúðrasveitarstarf en einnig góðar danshljómsveitir. Enn fremur virðist sem bæjaryfirvöld hafi verið jákvæð gagnvart þessari uppbyggingu og lagt henni lið með fjárframlögum og húsnæði enda hafi þeir verið stoltir af þessari starfsemi sem bar hróður bæjarins víða. Einnig bendir ýmislegt til þess að almennur velvilji hafi verið meðal bæjarbúa í garð þessarar starfsemi og þeir hafi verið stoltir af sínu fólki og þeim menningarbrag sem tónlistarlífið setti á samfélagið. Sem dæmi um þetta má lesa eftirfarandi setningu í *Austurlandi* (1968) þegar Lúðrasveit Neskaupstaðar endurnýjaði hljóðfærakost sinn:

Gömlu hljóðfærin voru eðlilega eitthvað farin að gefa sig, þótt aldrei heyrðist úr þeim falskur tónn svo vitað sé [...] (Lúðrasveit Neskaupstaðar efnir til hljómleika, 1968, 19. apríl).

Þetta finnst rannsakanda nokkuð dæmigert fyrir þann anda sem virðist hafa ríkt í bæjarfélaginu gagnvart tónlistarstarfi staðarins. Rannsakanda finnst þetta athyglisvert og finnst verðugt rannsóknarefni að skoða nánar hvað það hafi verið sem mótaði þá samfélagsgerð sem ríkti á Norðfirði á þessum tíma. Þar á rannsakandi við tímabilið frá miðri 20. öld og fram á tíunda áratuginn en það kemur fram hjá mörgum viðmælendum að breyting hafi orðið á þessum anda innan samfélagsins síðustu misseri, sem meðal annars hafi haft áhrif á tónlistarstarfsemi á Norðfirði. Hvort þessar

breytingar á samfélagsgerðinni á Norðfirði eru eitthvað einskorðaðar við þann stað efast rannsakandi satt að segja um telur frekar að þetta sé þróun sem eigi sér stað í öllu okkar þjóðfélagi.

Tónlistarstarf gengur, eins og svo margt annað starf oft í gegnum öldurót. Stundum er meðbyr og starfsemin blómstrar en í annan tíma er ólgusjór og lægð í starfinu. Þetta tengist mikið því fólki sem fæst til starfa og því umhverfi sem því er búið til starfans, bæði að hálfu opinberra aðila og þeirri samfélagsgerð sem er einkennandi í byggðarlaginu. Telji fólk að tónlist gegni einhverju hlutverki í sínu daglega lífi og sé mikilvægur þáttur í menningu hvers samfélags, þá verður ekki annað sagt en að gildi tónlistarmenntunar sé ótvírætt. Því eigi einstaklinar að eiga þess kost að þroska tónlistarlegan skilning sinn bæði sem iðkendur og njótendur tónlistar. Þannig sé meðal annars stuðlað að því að hver og einn verði hæfari þátttakandi í samfélaginu. Það er alls ekki sjálfgefið að tónlistarstarf sé öflugt og sýnilegt en þar skiptir miklu máli að metnaður ríki hjá öllum þeim sem að þessum málum koma. Það er ekki hægt að lifa á fornri frægð og berja sér á brjóst og segja að tónlistarlíf og tónlistarmenntun hafi verið fremri en víða annarsstaðar. Því er gott að skoða söguna og sjá hvað vel hefur verið gert og líta svo til líðandi stundar og leggja mat á hvar í öldurótinu við séum stödd núna og hvert skuli stefna.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiða meðal annars í ljós hversu mikilvægt er að fá hæfa tónlistarkennara til starfa því þeir séu í raun sá drifkraftur sem tónlistarlífið byggir á. Einnig kemur fram að sú tónlistarmenntun sem hafi verið veitt á Norðfirði og muni verða veitt í framtíðinni hafi mikil áhrif á tónlistarlífið og sé undirstaða þess að það fái blómstrað. Það er hins vegar ekki sjálfgefið að öflugt tónlistarstarf þrífist og að

tónlistarskólar nái að sinna fjölbreyttu og skapandi starfi fyrir komandi tónlistariðkendur, hvort sem er í leik eða starfi. Fyrir því þarf samfélagið allt að vera vakandi:

Það er ekki sjálfgefið að tónlistarskólar starfi með einhverri drift og séu þær stofnanir sem við þurfum að hafa þær í þessu samfélagi það er að segja séu uppheljandi, þroski einstaklinginn og opni okkur allar þær víddir inn í þennan dásamlega heim sem tónlistin er. Því sá sem kynnist tónlist, hann kynnist stórum heimi sem þú getur sótt í alla ævi og þetta er nægtabrunnur. Þannig að ég segi að Norðfirðingar verða að halda vel á sínu fjöreggi (Elvar).

Tilgangur þessarar rannsóknar var meðal annars að rannsaka þau áhrif sem tónlistarmenntun hefur haft á tónlistarlíf Norðfirðinga og jafnframt hvaða áhrif samfélagsgerðin þar hefur haft á tónlistarstarfsemi staðarins. Einnig að bregða birtu á þá þróun sem hefur átt sér stað í tónlistarlífi Norðfirðinga og meta mikilvægi þeirrar tónlistarstarfsemi fyrir samfélagið og um leið skoða mikilvægi einstaklinga sem þátttakenda í mótun síns samfélags. Það er von rannsakanda að rannsóknin geti nýst sem innlegg í umræðu um vægi og gildi tónlistarstarfsemi á Norðfirði og reyndar í Fjarðarbyggð allri og orðið hvati til skýrrar stefnumótunar í menningarmálum, ekki síst því sem snýr að tónlistarstarfsemi. Það er einnig von rannsakanda að þessi rannsókn geti nýst öðrum sveitarfélögum út um allt land sem hvatning til þess að líta til sögunnar í sinni tónlistarstarfsemi og hlúa að innviðum hennar og um leið marka sér skýra stefnu í málefnum sem varða gildi tónlistarlífs og tónlistarmenntunar á hverjum stað.

Rannsakanda er ekki kunnugt um að nein heildarúttekt liggi fyrir um tónlistarstarf á landsbyggðinni og mikilvægi og áhrif tónlistarmenntunar á það. Því er erfitt að bera saman tónlistarlíf á Norðfirði við önnur sveitarfélög en ýmislegt bendir

þó til þess að það skeri sig að einhverju leyti úr eða hafi að minnsta kosti gert það á ákveðnu tímabili. Þarna sér rannsakandi gott tækifæri til að víkka út sína rannsókn og rannsaka ítarlega stöðu tónlistarlífs og tónlistarmenntunar á landsbyggðinni, áhrif og þróun. Auk þess væri áhugavert að rannsaka hvort almenn þátttaka fólks í tónlistarlífi á landsbyggðinni fari minnkandi. Hvort áhugamennska í ýmiskonar tónlistarstarfi eigi undir högg að sækja og atvinnumennska eða hálfatvinnumennska sé að taka yfir.

Rannsakandi er mikill áhugamaður um hvers konar samspil tónlistarnemenda. Honum finnst því mjög áhugavert að skoða hvort þátttaka einstaklinga í hljómsveitarstarfi hafi áhrif á það hvort þeir fari frekar í áframhaldandi tónlistarnám og geri tónlist að atvinnu sinni en þeir sem ekki eru virkir í slíku starfi í sínu tónlistarnámi. Samkvæmt þessari rannsókn er ýmislegt sem bendir til þess að svo geti verið en rannsakandi telur þetta verðugt rannsóknarefni fyrir stóra rannsókn á landsvísu.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá tónlistarskóla.* (2000). Reykjavík: Mennta - og menningarmálaráðuneytið.
- Arnar Árnason. (2002). Menning er máttur. *Ritið*: 3/2002 , 83 - 99
- Ágúst Ármann Þorláksson og Smári Geirsson. (2005, 6. ágúst). Minningargrein. *Morgunblaðið*. Sótt 15. október 2011 af:
http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1031508
- Ágúst Einarsson. (2004). *Hagræn áhrif tónlistar*. Reykjavík: Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.
- Árni Kristjánsson. (1986). *Hvað ertu tónlist?* Reykjavík: Almenna bókafélagið
- Bennett, T. og Savage, M. (2004). Introduction: Cultural Capital and Cultural Policy. *Cultural Trends* 13 (2): 7 - 14. Sótt 9. mars 2012 af:
<http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=27a7f952-5757-4949-a00a-dd8410afb71b%40sessionmgr14&vid=4&hid=17>
- Bennett, T. og Silva, E. B. (2006). Introduction. Cultural Capital and Inequality: Policy Issues and Contexts. *Cultural Trends* 15 (2 - 3): 87 - 106. Sótt 7. mars 2012 af:
<http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=7afb9369-0d26-4457-9f6c-5868c4d61417%40sessionmgr14&vid=4&hid=17>
- Biblían.* (1981). Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag.
- Birgir D. Sveinsson. (1984). Lúðrasveit Neskaupstaðar. Í Atli Magnússon (ritstjóri), *Skært lúðrar Hljóma* (bls. 299 - 303). Reykjavík: Isafold.
- Birgir D. Sveinsson, Gísli Gíslason og Sigurður Þorbergsson. (2011). *HARALDUR GUÐMUNDSSON. Menningarkvöld Norðfirðingafélagsins 17. nóvember 2011.* Sótt 14. apríl 2012 af
http://www.nordfirðingafelagid.is/pdf_frettabref/vefinn.pdf
- Bjarki Sveinbjörnsson. (1997). *Tónlist á Íslandi á 20. öld.* Óbirt doktorsritgerð: Háskólinn í Aalborg. Sótt 16. október 2011 af:
<http://musik.is/BjarkiSve/Phd/phd.html>

- Bjarki Sveinbjörnsson. (2001). *Mandólinhljómsveit Reykjavíkur*.
Ríkisútvarpið, Rás 1. Janúar. Sótt 16. október 2011 af:
http://www.tonlistarsafn.is/Tonlistarsafn/Gjafir/Entries/2011/3/31Entry_1.html
- Bjarki Valtýsson. (2011). *Íslensk menningarpólitík*. Reykjavík: Nýhil.
- Bourdieu, P. (1986). The forms of capital. Í J. Richardson (ritstjóri). *Handbook of Theory and Research for the Sociology of Education* (bls. 241 - 258). New York: Greenwood. Sótt 17. apríl 2012 af:
<http://www.marxists.org/reference/subject/philosophy/works/fr/bourdieu-forms-capital.htm>
- Bourdieu, P. (2007). Aðgreining - Félagsleg gagnrýni smekkvísinnar. (Gunnar Harðarson þýddi). Í Davíð Kristinsson (ritstjóri). *Atvik 11: Almenningsálitid er ekki til* (bls. 33 - 43). Reykjavík: Reykjavíkur Akadémían.
- Bæjarráð. (1956-1974). *Gerðabók bæjarráðs 1956 - 1974*. Varðveisla:
Héraðsskjalasafn Neskaupstaðar.
- Bæjarstjórn. (1952 - 1960). *Gerðabók bæjarstjórnar 1952 - 1960*. Varðveisla:
Héraðsskjalasafn Neskaupstaðar.
- Corbett, M. (2009). No time to fool around with the wrong education:
Socialisation frames, timing and high-stakes educational decision making in
changing rural places. *Rural Society* 19 (2): 163 - 177. Sótt 2. mars 2012 af:
<http://search.proquest.com/docview/201715113/13525C5885B7C7DDC55/7?accountid=27513#center>
- Creswell, J. W. (2007). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches* (2. útgáfa). London: Sage Publications.
- Creswell, J. W. (2009). *Research design: Qualitative, quantitative, and mixed methods approaches* (3. útgáfa). London: Sage Publications.
- Davíð Kristinsson. (2007). Inngangur. Í Davíð Kristinsson (ritstjóri). *Atvik 11: Almenningsálitid er ekki til* (bls. 7 - 31). Reykjavík: Reykjavíkur Akadémían.
- Fabiansson, C. (2006). Being young in rural settings: Young people's
everyday community affiliations and trepidations. *Rural Society* 16 (1): 47 - 61.
Sótt 4. Mars 2012 af:
<http://search.proquest.com/docview/201720180/fulltextPDF?accountid=27513>

- Flora, C. B., Flora, J. L., Spears, D. J., Swanson, L. E. (1992). *Rural communities: Legacy & change*. Colorado: Westview press.
- Fjarðabyggð. (e.d.). Ágúst Ármann hlaut menningarverðlaun SSA. Sótt 16. október 2011 af: <http://fjardabyggd.is/Forsida/Itarlegrifrettir/1174>
- Fjárlög fyrir árið 1932. *Stjórnartíðindi 1931, A-deild*, bls. 101 - 158.
- Fjárlög fyrir árið 1954. *Stjórnartíðindi 1953, A-deild*, bls. 194 - 272.
- Fjárlög fyrir árið 1955. *Stjórnartíðindi 1954, A-deild*, bls. 290 - 372.
- Fjárlög fyrir árið 1956. *Stjórnartíðindi 1956, A-deild*, bls. 7 - 94.
- Fjárlög fyrir árið 1965. *Stjórnartíðindi 1964 A, A-deild*, bls. 197 - 288.
- Fólkið heldur hátíð. (1954, 23. maí). *Þjóðviljinn*, bls. 3. Sótt 20. september 2013 af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=214968&pageId=2767266&lang=is&q=25%20%20E1ra%20afm%20E6li
- Hans Kristján Árnason. (1999). *Að elska er að lifa*. Reykjavík: Hans Kristján Árnason. (Upphaflega gefið út 1994).
- Harzing, A. W. og Ruysseveldt, J. V. (ritstjórar). (2004). *International Human Resource Management*. London: Saga Publication
- Hargreaves, D. J., Miell, D. og MacDonald, R. A. R. (2002). What are musical identities and why are they important? In R. A. R. MacDonald, D. J. Hargreaves, & D. Miell (Eds.), *Musical identities* (pp. 1-20). Oxford University Press. Sótt 23. apríl 2012 af: <http://fds.oup.com/www.oup.com/pdf/13/9780198509325.pdf>
- Headington, C. (1987). *Saga vestrænnar tónlistar*. (Jón Ásgeirsson þýddi). Reykjavík: Ísafold.
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67 – 84). Akureyri: Háskólinn Akureyri.
- Helga Rut Guðmundsdóttir. (2010). *Hugmyndir um uppruna tónlistar í ljósi þekkingar af vettvangi heilarannsókna og tónlistarrannsókna*. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 16. október 2011 af: <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/014.pdf>

- Hennion, A. (1997). Baroque and rock: Music, mediators and musical taste. *Poetics* 24(6): 415 - 435. Sótt 10. september 2013 af:
<http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0304422X97000053>
- Hennion, A. (2003). Music lovers – taste as performance. *Theory, Culture, Society* 18(5): 1 - 22. Sótt 15. september 2013 af:
<http://hal.archives-ouvertes.fr/docs/00/19/31/24/PDF/Hennion2001MusLoversThCultSoc.pdf>
- Íslensk orðabók.* (2002). Mörður Árnason (ritstjóri) (3. útgáfa). Reykjavík: Edda.
- Landsmót ísl. lúðrasveita á Siglufirði. (1968, 12. júlí). *Verkamaðurinn*, bls. 3. Sótt 18. september 2013 af:
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=178180&pageId=2312537&lang=is&q=L%FA%F0rasveit%20Neskaupsta%F0ar
- Lee, J., Árnason, A., Nightingale, A. og Shucksmith, M. (2005). Networking: Social Capital and Identities in European Rural Development. *Sociologia Ruralis* 45 (4): 269 - 283. Sótt 6. mars 2012 af:
<http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1467-9523.2005.00305.x/pdf>
- Looseley, D. (2006). Antoine Hennion and the sociology of Music. *International Journal of Cultural Policy* 12(3): 341 - 354. Sótt 17. september 2013 af:
<http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=c9364860-6e48-4771-8f61-400a495999cc%40sessionmgr14&vid=2&hid=21>
- Lúðrasveit Neskaupstaðar efnir til hljómléika. (1968, 19. apríl). *Austurland*, bls. 1 - 2. Sótt 14. september 2013 af:
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=343049&pageId=5381725&lang=is&q=L%FA%F0rasveit%20Neskaupsta%F0ar
- Magnús Guðmundsson. (1955, 23. desember). Brot ú tónlistarsögu Norðfirðinga. *Austurland*, bls. 6 - 12. Sótt 20. september 2013 af:
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=342229&pageId=5374304&lang=is&q=Samk%F3r%20Neskaupsta%F0ar
- Matthews, M. W. og Thompson, W. (2010). *The encyclopedia of music. Instruments of the orchestra and the great composers*. London: Anness Publishing.

- Menntamálaráðuneytið. (2004, 19. febrúar). *Málþing um stöðu og framtíð tónlistarmenntunar*. Sótt 16. október 2011 af:
<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/2580>
- Menntamálaráðuneytið. (2010). *Menning: listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir, æskulýðsmál*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 16. október 2011 af:
<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=1F429507FE9876C90025777C00347D33&action=openDocument>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Tónlistarskólar*. Sótt 9. apríl 2012 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/stofnanir/>
- MÍR í Neskaupstað. (1952 - 1967). *Gerðabók 1952 - 1967*. Varðveisla: Héraðsskjalasafn Neskaupstaðar.
- Mulcahy, K.V. (2006). Cultural Policy: Definitions and theoretical approaches. *Journal of Arts Management, Law and Society*, 35 (4): 319 - 330. Sótt 11. september 2013 af:
<http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=acf2ff59-6f8b-4ffe-9e8e-d25855817c29%40sessionmgr12&vid=2&hid=14>
- Ólafur Haukur Símonarson. (1992). *Stormur strýkur vanga*. Reykjavík: Forlagið.
- Ólafur Rastrick. (2012). *Íslensk menning og samfélagslegt vald 1910 - 1930*. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Óskar Jónsson. (1989, 20. desember). Tildrög að stofnun Lúðrasveitar Neskaupstaðar og tónskóla Neskaupstaðar. *Austurland*, bls. 9 - 13. Sótt 18. september 2013 af:
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=344162&pageId=5392228&lang=is&q=Tildr%F6g%20a%F0%20stofnun%20L%FA%F0rasveitar%20Neskaupsta%F0ar%20og%20%ED%20Neskaupsta%F0
- Pitts, S. (2008). Extra-curricular music in UK schools: investigating the aims, experiences and impact of adolescent musical participation. *International Journal of Education & the Arts*, 9 (10): 1 - 19. Sótt 10. apríl 2012 af:
<http://www.ijea.org/v9n10/v9n10.pdf>

- Pitts, S. (2009). Roots and Routes in Adult Musical Participation: Investigating the Impact of Home and School on Lifelong Musical Interest and Involvement. *British Journal of Music Education*, 26 (3): 241 - 256. Sótt 7. apríl 2012 af:
<http://search.proquest.com/docview/200852648/fulltextPDF?accountid=27513>
- Platon. (1997). *Ríkið*. (Eyjólfur Kjalar Emilsson þýddi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. (Upphaflega gefið út 1991).
- Rodriguez, J. P. og Blanco, V. F. (2000). Are Popular and Classical Music Listeners the Same People? *Journal of Cultural Economics* 24 (2): 147 - 164. Sótt 4. maí 2012 af:
<http://www.springerlink.com/content/10044648684v244v/fulltext.pdf>
- Samband ísl. lúðrasveita stofnað. (1954, 15. september). *Þjóðviljinn*, bls. 3. Sótt 15. september 2013 af:
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=215060&pageId=2768370&lang=is&q=Neskaupsta%F0ar
- Sigurður Kristinsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161 - 179). Akureyri: Háskólinn Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða megingdlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219 - 235). Akureyri: Háskólinn Akureyri.
- Sigríður Halldórsdóttir. (2003). Vancouver-skólinn í fyrirbærafræði. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 249 - 265). Akureyri: Háskólinn Akureyri.
- Smári Geirsson. (2006, október). Tónskóli Neskaupstaðar. *Afmælisfréttabréf*. Sótt 16. október 2011 af:
http://www.fjardabyggd.is/media/files/Tonsk_Nesk.pdf
- Smári Geirsson. (2009). *Norðfjarðarsaga II síðari hluti*. Fjarðabyggð: Bókaútgáfan Hólar.

- Stamou, L. (2002). Plato and Aristotle On Music and Music Education: Lessons From Ancient Greece. *International Journal of Music Education*, 39(1): 3 - 16. Sótt 3. febrúar 2012 af: <http://ijm.sagepub.com/content/os-39/1/3.abstract>
- Steinn Stefánsson. (1961, 2. júní). Merkur þáttur í tónlistarlífi Austurlands. *Austurland*, bls. 4. Sótt 15. september 2013 af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=342657&pageId=5378924&lang=is&q=Neskaupsta%F0ar
- Strauss, A. og Corbin, J. (1990). *Basics of qualitative research: grounded theory procedures and techniques*. Newbury Park: Sage Publication.
- Strauss, A. og Corbin, J. (1998). *Basics of qualitative research: techniques and procedures for developing grounded theory*. (2. útgáfa). London: Sage Publication.
- Throsby, D. (1999). Cultural Capital. *Journal of Cultural Economics* 23 (1 - 2): 3-12. Sótt 10. febrúar 2012 af: <http://www.springerlink.com/content/t302712w63xj1528/fulltext.pdf>
- Throsby, D. (2001). *Economics and Culture*. Cambridge University Press: Cambridge.
- Throsby, D. (2010). *The Economics of Cultural Policy*. Cambridge University Press: Cambridge.
- Tilkynning frá Lúðrasveit Neskaupstaðar. (1966, 7. október). *Austurland*, bls. 3. Sótt 25. September 2013 af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=342971&pageId=5381311&lang=is&q=L%FA%F0rasveit%20Neskaupsta%F0ar
- Tónlistarfélag í Neskaupstað. (1955 - 1957). *Gerðabók 1955-1957*. Varðveisla: Héraðsskjalasafn Neskaupstaðar.
- Tónlistarskóli Neskaupstaðar/Tónskóli Neskaupstaðar. (1956 - 2011). *Nemendaskrá 1956-2011*. Varðveisla: Tónskóli Neskaupstaðar.
- UNESCO. (2006). *Understanding Creative Industries - Cultural statistics for public-policy making*. Sótt 17. febrúar 2012 af: http://portal.unesco.org/culture/en/ev.php-URL_ID=29947&URL_DO=DO_TOPIC&URL_SECTION=-465.html

UNESCO. (2006a). *Vegvísir fyrir listfræðslu*. (Jón Hrólfrur Sigurjónsson þýddi: 2007).
Lissabon. Sótt 28. apríl 2012 af:
<http://ft.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2840>

Þingskjal 413. (1963). Frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við
tónlistarskóla. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 16. október 2011 af:
<http://www.althingi.is/altext/83/s/pdf/0413.pdf>

Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir.
Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í
aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 51 - 66). Akureyri:
Háskólinn Akureyri.

Viðauki I - Spurningalisti

- 1) Segðu mér aðeins af þér. Hvaðan þú kemur, við hvað þú starfar.
- 2) Hverjar eru þínar fyrstu minningar tengdar tónlist á Norðfirði?
- 3) Hvers vegna fórst þú að læra á hljóðfæri?
- 4) Hvernig var sú tónlistarmenntun sem þú fékkst á Norðfirði? Var hún t.d. fjölbreytt?
Var hún hvetjandi til áframhaldandi tónlistarnáms?
- 5) Hverjir voru þínar helstu fyrirmyndir í tónlist á Norðfirði?
- 6) Hvernig telur þú að tónlistarmenntun á staðnum hafi nýst tónlistarlífinu á Norðfirði?
- 7) Hvert fannst þér viðhorf Norðfirðinga vera til tónlistar og tónlistarmenntunar?
- 8) Var tónlist áberandi í menningarlífinu á Norðfirði?
- 9) Hver telur þú að hafi verið helsti styrkur tónlistarlífs á Norðfirði í gegnum tíðina?
- 10) Eitthvað að lokum sem þú vilt að komi fram?



Viðauki II - Kynningarbréf/eyðublað fyrir samþykki viðtals

Ég heiti Guðjón Steinar Þorláksson og starfa sem tónlistarmaður og tónlistarkennari. Ég lauk burtfararprófi á kontrabassa árið 1986 frá Tónlistarskóla Kópavogs og kennaraprófi frá Kennaraháskólanum árið 1989. Ég var skólastjóri og kennari við Tónlistarskólann á Hallormsstað frá árinu 1989 – 1995 en hef kennt við Tónskólann Do Re Mi frá árinu 1995 og við Tónlistarskólann á Seltjarnarnesi frá árinu 1996. Auk þess að fást við kennslu hef ég spilað allskyns tónlist með ýmsum tónlistarmönnum.

Frá því í sumar hef ég stundað meistaranám við Háskólann á Bifröst og er nú að vinna að undirbúningi rannsóknar. Markmið rannsóknarinnar er að kanna þróun tónlistarmenntunar og tónlistarlífs á Norðfirði á 20. öld.

Þegar skoðaðar eru þær heimildir sem til eru um tónlistarlíf á Norðfirði þá sést að það hefur verið skrifað ýmislegt um tónlistarmenningu á staðnum en þar er mest verið að rekja söguna. Mig langar því að fylla upp í eyðurnar og skoða til dæmis hvernig tónlistarmenntun hafi verið háttáð á Norðfirði og hversu stóran þátt hún hafi átt í að efla tónlistarlífið á staðnum. Sem sagt ná í fróðleik sem ekki er til á prenti og því lá beint við að afla nýrra gagna, frumgagna. Ég mun því byggja mína rannsókn á þeim heimildum sem til eru og tek svo einstaklingsviðtöl til að dýpka sýn mína á viðfangsefninu.

Þátttakendur í rannsókninni eru einstaklingar sem hafa stundað tónlistarnám á Norðfirði, spilað í lúðrasveitum á staðnum, starfað sem tónlistarkennarar á staðnum og einnig aðilar sem hafa verið lengi viðriðnir bæjarstjórnarmál.

Rannsóknin er eins og áður segir meðal annars í formi einstaklingsviðtala og eru þau hljóðrituð, en það er gert svo ekki fari á milli mála að rétt sé eftir viðmælendum haft. Ég einn mun hafa aðgang að hljóðritununum og verður þeim eytt í lok vinnuferlisins. Viðmælendum er einnig heimilt að draga sig út úr rannsókninni hverær sem er og neita að svara hvaða spurningu sem er án nokkurra skýringa. Fullrar nafnleyndar og trúnaðar er gætt.

Ég staðfesti hér með að Guðjón Steinar Þorláksson má nota niðurstöður úr viðtali við mig og vitna í mig nafnlaust í rannsókn sinni.

Nafn þátttakanda _____

Undirskrift þátttakanda _____

Netfang/sími _____

Undirskrift rannsakanda _____

Staður og dagsetning _____

Þú getur haft samband við rannsakanda í hs. 5621882, gsm 8491507 eða netfang gujst@gmail.com